

BRIDGE



*Bikarinn
HM í einmenningi
ÓL í Istanbúl
Deildakeppnin
Sagntækni
Sagnkeppni
Nickell/Zia
Tíu spila prófraun*



Meistarar
í einmenningi

2♣2004

EFSTU MENN Í FYRSTU DEILD

NORÐUR

♠ 763
♥ G8
♦ ÁKD65
♣ 1073

*Suður spilar
sex hjörten
og fær út
spáðadróttningu.*

VESTUR

♠ DG9
♥ 64
♦ G1087
♣ D864

*Sókn
eða
vörn?*

AUSTUR

♠ K10854
♥ 952
♦ 94
♣ K95

SUÐUR

♠ Á2
♥ ÁKD1073
♦ 32
♣ ÁG2

Sjá lausn á bls. 2.



Spil vesturs

Spil 1

A/Enginn

♠ ÁD5
♥ KG1043
♦ 84
♣ ÁK6

Spil 2

V/AV

♠ Á9
♥ -
♦ KDG4
♣ ÁG107654

Spil 3

A/NS

♠ K5
♥ KDG
♦ 9875
♣ G873

Spil 4

V/Allir

♠ ÁK3
♥ 1087652
♦ Á9
♣ ÁD

Spil 5

A/NS

♠ 6
♥ Á1072
♦ K6
♣ KDG1074

Spil 6

V/Enginn

♠ KD10842
♥ 72
♦ K954
♣ G

Spil 7

A/NS

♠ 6
♥ K107
♦ DG53
♣ KD952

Spil 8

V/AV

♠ D54
♥ D107
♦ Á109
♣ ÁD64

Spil 9

A/AV

♠ G85
♥ 6
♦ 743
♣ KDG872

Spil 10

V/Allir

♠ D743
♥ Á6
♦ KD64
♣ 876

LAUSN Á FORSÍÐUÞRAUT

Sum spil eru þess eðlis að erfitt er að átta sig á hvort sagnhafi eða vörninn eigi að hafa betur. Forsíðuspilið er af því tagi og hentar því vel til veðmála! Það er upprunalega komið frá Eddie Kantar, en hefur farið víða og birtist meðal annars í bók Michaels Rosenbergs, *Bridge, Zia and Me*.

| NORÐUR | | AUSTUR | | SUÐUR | |
|--------|-------|--------|--------|-------|---------|
| ♠ | 763 | ♠ | K10854 | ♠ | Á2 |
| ♥ | G8 | ♥ | 952 | ♥ | ÁKD1073 |
| ♦ | ÁKD65 | ♦ | 94 | ♦ | 32 |
| ♣ | 1073 | ♣ | K95 | ♣ | ÁG2 |
| VESTUR | | | | | |
| ♠ | DG9 | | | | |
| ♥ | 64 | | | | |
| ♦ | G1087 | | | | |
| ♣ | D864 | | | | |

Samningur: sex hjörto
Útspil: spaðadrottning
Hvor hefur betur - sagnhafi eða vörninn?

Kantar setur þrautina þannig upp: þú og kunningi þinn rambið inn í spilaklúbb og hyggist horfa á nokkur spil. Þið veljið borð þar sem verið er að spila upp á 1000-kall á punktinn. NS melda upp í 6♥, en þegar sögnum er lokið fá bæði suður og vestur áriðandi símtal og neyðast til að yfirgefa samkvæmið. Ykkur félögum er boðið að taka við, en þið hafið báðir séð allar hendur. Félagi þinn er höfðingi og hann býður þér að velja sæti - vitlu vera í vestur eða suður?

Þannig var þrautin lögð yfir Rosenberg og hann gaf sér góðan tíma til að finna vinningsleið.

Segjum að fyrsti slagurinn sé drepinn með ♠Á og öll hjörtun tekin. Vestur þarf að valda tígulinn og virðist þurfa að hanga á drottningunni þriðju í laufi.

Segjum að hann hendi fyrst laufi, svo spaða og enn spaða í fimmta trompið. Í sjötta trompið verður að fara lauf, en þá er hægt að fría þar slag án þess að austur komist inn til að taka spaðaslag: Tígull á blindan og lauftía úr borði. Ef austur leggur á er laufi spilað í bláinn, annars er aftur farið inn á blindan í tígli til að svína (og henda spaða í ♦D).

Þetta virðist einfalt, en gallinn er sá að vestur má henda sig niður á ♣Dx áður en hann kastar síðasta spaðanum. Og þá vantar innkomu til að spila laufi tvisvar úr borði.

Þegar þessi möguleiki var út úr myndinni reyndi Rosenberg að dúkka fyrsta slaginn. Látum vestur spila spaða áfram. Þá kemur upp skemmtileg flétta. Öll trompin eru tekin (og tveimur laufum og tveimur tíglum hent úr borði). Vestur endar annað hvort á fjórum tíglum og ♣D blankri, eða fjórum tíglum og einum spaða. Í fyrra tilfellinu hefur hann sleppt valdinu af báðum svörtu litunum, þannig að austur þvingast þar þegar ♦ÁKD er spilað (tvöföld kastþröng í áföngum). Í síðara tilfellinu valdar vestur spaðann, en hefur hent ♣D, svo það má svína fyrir kónginn (haldþvingun).

Þetta er flott, en auðvitað þarf vestur ekki að spila spaða áfram í öðrum slag. Hann getur spilað laufi. En lítið lauf upp á kóng dugir ekki, því þá verður vestur fórnarlamb einfaldrar þvingunar í láglitnum. Það verður að vera *laufdrottningin*. Spili vestur henni í öðrum slag eru sagnhafa allar bjargir bannaðar.

- Ég vel vörnina, sagði Rosenberg.

- OK, þú skuldar þá 500-kall?

- Nú?

- Spilið er utan hættu og fer einn niður, en suður á 100 í hónórum!

Forsíðan:

Spilarar í efstu þremur sætunum í fyrstu deild:
Karl Sigurhjártarson, Rúnar Magnússon, Ljósbrá Baldursdóttir, Mathias Þorvaldsson, Sævar Þorbjörnsson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Aðalsteinn Jørgensen, Hrannar Erlingsson, Ragnar Hermannsson, Júlíus Sigurjónsson, Steinar Jónsson, Sigurbjörn Haraldsson og Ragnar Magnússon.



BRIDGE

19. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 72

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson
Póstfang: Víghólastígur 6 - 200 Kópavogur
Netfang: GPA@simnet.is
Símar: 564-4247 og 898-5427

BIKARKEPPNIN 2004

SVEIT Orkuveitu Reykjavíkur varð Bikarmeistari BSÍ eftir sigur á sveit Sláturfélags Suðurlands í úrslitaleik. Orkuveitan lýtur forystu Páls Valdimarssonar, en með honum spiluðu: Sævar Þorbjörnsson, Anton Haraldsson, Sigurbjörn Haraldsson, Þröstur Ingimarsson og Bjarni H. Einarsson.

“Ég var ánægður með þetta spil,” sagði Sigurbjörn (Bessi), en það kom upp í þriðju lotu úrslitaleiksins:

NORÐUR
 ♠ K1054
 ♥ G9854 S/Enginn
 ♦ 8
 ♣ Á75

VESTUR
 ♠ 63
 ♥ KD1063
 ♦ 72
 ♣ KDG8

AUSTUR
 ♠ 7
 ♥ Á7
 ♦ ÁKG106
 ♣ 106432

SUÐUR
 ♠ ÁDG982
 ♥ 2
 ♦ D9543
 ♣ 9

Sveit Sláturfélagsins (SS - fremstir fyrir bragðið) var þannig skipuð: Sigurður Vilhjálmsson, Hrólfur Hjaltason, Ragnar Magnússon, Júlíus Sigurjónsson og Rúnar Magnússon. Hrólfur og Sigurður voru í NS gegn Engihjallbræðrum:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|----------|----------|
| Anton | Hrólfur | Bessi | Sigurður |
| - | - | - | 1 ♠ |
| 2 ♥ | 3 ♥ * | Dobl * | 4 ♦ |
| Pass | 4 ♠ | 4 G * | 5 ♠ |
| Pass | Pass | Dobl /// | |

Hrólfur sýnir góða hækkun í 3 ♠ með því að melda ofan í hjartasögn Tona, og Bessi horfir fram í tímann þegar hann velur að dombra 3 ♥. Hann reiknar með að NS fari í fjóra spaða og ætlar þá að bjóða fram láglitina með fjórum gröndum. Allt gengur þetta eftir og bræðurnir komast í fimm lauf. Það þarf tígulstungu til að bana því geimi, svo Sigurður tók rétta ákvörðun að reyna frekar við 5 ♠.

En það var einum of mikið. Út kom ♥K og ♣K í öðrum slag. Sigurður var nú vongóður. Hann tók á laufásinn og spilaði tígli, en Bessi tók þann slag og trompaði út. Eins og tígullinn liggur er nú engin leið að fá meira en 10 slagi - einn niður.



Bikarmeistarar Orkuveitu Reykjavíkur. Frá vinstri: Þröstur Ingimarsson, Sævar Þorbjörnsson, Páll Valdimarsson, Sigurbjörn Haraldsson og Anton Haraldsson. Á myndina vantar Bjarna H. Einarsson, en hann var fjarverandi úrslitahelgina.

Á hinu borðinu fengu liðsmenn OR að spila 4 ♠, sem unnust slétt. Til að bana því geimi þarf í fyrsta lagi tromp út, og svo verður austur að spila undan hjarta-ás síðar til að vestur geti spilað öðru trompi. Einfalt á opnu borði en nánast útilokað í reynd.

Úrslitahelgin

Úrslitin voru spiluð helgina 25.-26. september. Í undanúrslitum mætti OR sveit Gunnlaugs Sævarssonar og vann sannfærandi sigur, 141-69 í 48 spilum (4x12 spil). Í sveit Gunnlaugs spiluðu, auk hans, Karl G. Karlsson, Hlynur Angantýsson, Guðmundur Halldórs-son, Hermann Friðriksson og Símon Símonarson.

SS mætti sveit Black Mamba í jafnari viðureign, sem lyktaði með 138-111 sigri SS. Svarta slangan var þannig mönnuð: Björgvin Már Kristinsson, Sverrir Kristinsson, Snorri Karlsson, Matthías G. Þorvaldsson og Tryggvi Ingason.

Úrslitaleikurinn var 64 spil í fjórum 16 spila lotum. Leikurinn þróaðist þannig:

| lota | OR | SS | munur |
|------|----|----|-------|
| 1 | 69 | 40 | +29 |
| 2 | 31 | 33 | +27 |
| 3 | 36 | 40 | +23 |
| 4 | 71 | 35 | +59 |

Fyrir síðustu lotuna var munur liðanna 23 IMPar OR í vil, sem er engan veginn afgerandi þegar 16 spil eru í holu. En OR náði strax undirtökunum í síðustu lotunni og vann öruggan sigur.

Þröstur Ingimarsson kom sínum mönnum á sporið með því að vinna laubunna slemmu í öðru spili fjórðu lotunnar:

NORÐUR
 ♠ ÁG1087
 ♥ ÁK106
 ♦ 10874
 ♣ -

Útspil ♥9

SUÐUR
 ♠ 4
 ♥ G743
 ♦ ÁK93
 ♣ ÁD105

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|----------|---------|
| Hrólfur | Sævar | Sigurður | Þröstur |
| - | - | Pass | 1 ♦ |
| 3 ♣ | 3 ♠ | Pass | 3 G |
| Pass | 4 ♦ | Pass | 5 ♣ |
| Pass | 6 ♦ /// | | |

Hvernig myndi lesandinn spila?
 (Sjá næstu blaðsíðu.)

Glitnir

NORDUR
 ♠ ÁG1087
 ♥ ÁK106
 ♦ 10874
 ♣ -

VESTUR
 ♠ KD
 ♥ 92
 ♦ 52
 ♣ K987642

AUSTUR
 ♠ 96532
 ♥ D85
 ♦ DG6
 ♣ G3

SUÐUR
 ♠ 4
 ♥ G743
 ♦ ÁK93
 ♣ ÁD105

Suður spilar 6♦ með ♥9 út.

Blindur var nokkuð undir væntingum og Þröstur tók sér drjúgan tíma til að leggja á ráðin. En umhugsunin skilaði tilætluðum árangri: Hann tók fyrsta slaginn á hjartaás og spilaði trompi á níuna. Það var spor í vinningsátt þegar nían hélt, en verkinu var engan veginn lokið. Þröstur spilaði næst laufdrottningu að heiman - kóngur frá vestri og trompað í borði. Tígull heim á ás var næsti leikur og svo var lauffimma stungin í borði. Gosinn kom annar úr austrinu, en það var nákvæmlega staðan sem Þröstur var að gera út á. Þröstur tók síðasta tromp austurs og spilaði svo hjartakóng meira hjarta og lagði upp. Tólf slagir. Spilið gaf OR 16 IMPa, því á hinu borðinu fóru 5♦ einn niður.

Í SÍÐUSTU lotunni kom upp spil þar sem trompkóngurinn var afhjúpaður í sögnum og báðir sagnhafar tóku hann stakan á eftir ásum:

NORDUR
 ♠ ÁG752
 ♥ 954
 ♦ Á63
 ♣ 97

N/Enginn

VESTUR
 ♠ K83
 ♥ K
 ♦ D10754
 ♣ KG65

AUSTUR
 ♠ D1064
 ♥ G3
 ♦ K98
 ♣ Á1083

SUÐUR
 ♠ 9
 ♥ ÁD108762
 ♦ G2
 ♣ D42

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|----------|-------|
| Ragnar | Bessi | Július | Anton |
| - | Pass | Pass | 3 ♥ |
| Pass | 4 ♥ | Dobl /// | |

Eftir pass í byrjun, dýblar Július 4♥ til úttektar, enda gæti hæglega unnist geim í AV eftir þessar sagnir. Doblíð er því rökrétt, þótt tvíspilið í hjarta sé neikvætt.

Út kom spaði, sem Toni drap og spilaði hjarta á á sinn, enda viss um að Július myndi aldrei dýbla í stöðunni með Kx í hjarta. Toni bjóst við að fara 1-2 niður, svo það kom honum þægilega á óvart þegar kóngurinn féll bljúgur undir á sinn.

Hrólfur fékk þyngra verkefni á hinu borðinu:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|----------|------------|---------|
| Sævar | Sigurður | Þröstur | Hrólfur |
| - | Pass | 1 G * | 3 ♥ |
| 3 G | Dobl | Pass | Pass |
| 4 ♦ | 4 ♥ | Allir pass | |

Þröstur hóf sagnir á *minigrandi* (10-12) og Hrólfur stökk hindrandi í 3♥. Sævari fannst klént að passa og skaut á 3G, en flúði þegar Sigurður dýblaði. Sigurður reyndi þá 4♥ og Sævar kom út með smæsta tígul.

Hrólfur reiknaði dæmið þannig: Miðað við útspilið virtist vestur hvergi eiga röð, til dæmis ♠KD, ♦KD eða ♣ÁK. Þar með voru allmargir punktar uppteiknaðir í austur í litunum fyrir utan trompið. Og þriggja granda sögn vesturs, auk flóttans í kjölfarið, sagði sína sögu. Hrólfur ákvað því að leggja niður ♥Á og uppskar 10 slagi. En tapaði 5 IMPum, því spilið var ódýblað.

FALLEGASTA spil úrslitaleiksins er valfalítið þessi slemma úr fyrstu lotu:

NORDUR
 ♠ K109642
 ♥ 92
 ♦ G
 ♣ D632

Útspil ♥3

SUÐUR
 ♠ Á3
 ♥ ÁKDG86
 ♦ Á53
 ♣ K8

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|---------|---------|
| Sævar | Ragnar | Þröstur | Július |
| Pass | 2 ♠ * | Pass | 2 G |
| Pass | 3 ♦ ** | Pass | 6 ♥ /// |

* Veikir tveir. ** Stuttur tígull.

Austur fylgir lit í trompinu.
Hvernig myndi lesandinn spila?

Slemma var sögð á báðum borðum, en hinum megin fékk Bessi út laufásinn og þurfti því ekki að hafa neitt fyrir úr-spilinu. En Sævar spilaði út trompi gegn Júlla. Þar með er aðeins hægt að trompa einn tígul í borði og því verður að finna tólfta slaginn á svartan lit. En hvernig?

Það gengur ekki að stinga strax tígul, því þá opnast tígulslagar fyrir vörnina þegar hún kemst inn á laufás. Því verður að byrja á laufinu. Júlli tók hjartaslaginn heima og spilaði ♣K.

NORDUR
 ♠ K109642
 ♥ 92
 ♦ G
 ♣ D632

VESTUR
 ♠ D87
 ♥ 103
 ♦ K1064
 ♣ ÁG74

AUSTUR
 ♠ G5
 ♥ 754
 ♦ D9872
 ♣ 1095

SUÐUR
 ♠ Á3
 ♥ ÁKDG86
 ♦ Á53
 ♣ K8

Sævar valdi að taka slaginn og spila aftur laufi. Sem er góð vörn, því ef hann trompar enn út, má frispila spaðann og komast inn í borð á ♣D.

Július drap á ♣D, tók ♦Á og trompaði tígul. Stakk því næst lauf hátt til að einangra laufvaldið við annan mótherjann. Spilaði svo öllum trompunum:

NORDUR
 ♠ K109
 ♥ -
 ♦ -
 ♣ 6

VESTUR
 ♠ D87
 ♥ -
 ♦ -
 ♣ G

AUSTUR
 ♠ G5
 ♥ -
 ♦ D9
 ♣ -

SUÐUR
 ♠ Á3
 ♥ 8
 ♦ 5
 ♣ -

Síðasta trompið þvingar vestur í spaða og laufi.

Sævar dró stóran hring um númer spilsins á skorblaðinu, því hann hélt kannski að hann hefði getað gert betur með því að *dúikka* laufkónginn! En svo er ekki. Sagnhafi spilar þá aftur laufi, sem vestur tekur með ás og trompar út. Nú er ekki hægt að stinga tígul í borði, en hins vegar fær sagnhafi slag á lauf í staðinn fyrir tígulstunguna og nær að byggja upp sömu þvingun í svörtu litunum.

HM Í EINMENNINGI

Hin óopinbera heimsmeistarakeppni í einmenningi - *Generali Masters* - fór fram í Veróna á Ítalíu 8.-10. september. Spilað var í tveimur flokkum, opnum flokki og kvenna-flokki. Ítalinn **Norberto Bocchi** marðði sigur í opna flokknum, rétt á undan Bretanum **Andy Robson**, en **Tobi Sokolow** frá Bandaríkjunum sigraði örugglega í kvennaflokki. Jón Baldursson vann þetta mót árið 1994 og hefur verið fastur gestur síðan. Honum gekk vel framan af í Veróna, en fékk móthyr á síðasta degi og endaði í 26. sæti af 52 keppendum.



Norberto Bocchi

Tobi Sokolow

Úrslit

Opinn flokkur (52 keppendur)

| | | |
|--------------------|------------|--------|
| 1. Norberto Bocchi | Ítalía | 56.68% |
| 2. Andrew Robson | Bretland | 56.23% |
| 3. Jens Auken | Danmörk | 55.28% |
| 4. Antonio Sementa | Ítalía | 53.82% |
| 5. Herve Mouiel | Frakkland | 53.44% |
| 6. Steve Hamaoui | Venezuela | 52.41% |
| 7. Bobby Wolff | Bandaríkin | 52.41% |
| 8. Tor Helness | Noregur | 52.26% |
| 9. Alain Levy | Frakkland | 52.17% |
| 10. Zia Mahmood | Bandaríkin | 52.15% |
| 26. Jón Baldursson | Ísland | 50.28% |

Kvennaflokkur (28 keppendur)

| | | |
|------------------------|------------|--------|
| 1. Tobi Sokolow | Bandaríkin | 59.67% |
| 2. Bénédicte Cronier | Frakkland | 58.13% |
| 3. Nicola Smith | Bretland | 56.58% |
| 4. Gloria Ho | Kína | 54.84% |
| 5. Betty Ann Kennedy | Bandaríkin | 54.22% |
| 6. Diana Gordon | Bretland | 54.12% |
| 7. Sabine Auken | Þýskaland | 53.40% |
| 8. Daniele Gaviard | Frakkland | 53.09% |
| 9. Véonique Bessis | Frakkland | 52.68% |
| 10. Catherine D'Ovidio | Frakkland | 51.03% |

Spiluð voru 100 spil í fjórum lotum. Daninn Jens Auken fór best af stað og var efstur eftir fyrstu lotu, en Robson tók forystuna í annarri lotu og hélt henni samfleytt fram að síðasta spili mótsins! Sýnt var beint frá keppninni á vefsetrinu Bridgebase.com og það var sérstaklega spennandi að fylgjast með síðustu umferðunum.

Jón Baldursson var enn í skotfæri um miðja síðustu lotu. Hann var í vestur í þessu spili, í vörn gegn þremur gröndum Frakkans Alans Levy:

| | |
|-----------|--------|
| A/NS | NORÐUR |
| | ♠ D763 |
| | ♥ Á73 |
| | ♦ ÁK9 |
| | ♣ ÁG8 |
| Útspil ♥5 | |
| | SUÐUR |
| | ♠ K98 |
| | ♥ G62 |
| | ♦ 7652 |
| | ♣ K72 |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|----------|---------|
| Jón | Multon | Lantaron | Levy |
| - | - | Pass | Pass |
| 1 ♥ | Dobl | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 2 ♥ | Pass | 3 G /// |

Setjum okkur í spor Levy. Hann hleypir hjartanu heim og fær fyrsta slaginn á gosann. Spilar svo litlum spaða að blindum: Vestur lætur tvistinn, drottningin upp og hún á slaginn, en austur fylgir með fjarka.

Hver er nú áætlunin?

Til að gera langa sögu stutta, þá spilaði Levy einfaldlega spaða áfram í þeirri von að austur ætti ♠G10x(x). Það var ekki vinningsleikurinn:

| | |
|--------|---------|
| NORÐUR | ♠ D763 |
| | ♥ Á73 |
| | ♦ ÁK9 |
| | ♣ ÁG8 |
| VESTUR | ♠ ÁG2 |
| | ♥ KD854 |
| | ♦ D10 |
| | ♣ D63 |
| AUSTUR | ♠ 1054 |
| | ♥ 109 |
| | ♦ G843 |
| | ♣ 10954 |
| SUÐUR | ♠ K98 |
| | ♥ G62 |
| | ♦ 7652 |
| | ♣ K72 |

Jón fékk á gosann og fríaði hjartað - einn niður.

Nokkrir sagnhafar - og þar á meðal Robson - unnu 3G með því að hreinsa upp láglitina (með laufsvínungu) og senda vestur inn á hjarta (hjartaás og hjarta). Þannig fæst slagur á spaðakóng í lokin. Levy sá auðvitað þennan möguleika, en leist ekki á hann.

Þegar fjórum spilum var ólokið var heldur farið að draga saman með efstu mönnum. Robson var með 57.01% skor, en Bocchi 56.40%. Auken var lengra undan með 55.43%. En Robson bætti stöðu sína í fjórða síðasta spilinu:

| | | |
|--------|----------|-----------|
| NORÐUR | ♠ KG4 | S/Allir |
| | ♥ 82 | |
| | ♦ ÁKG975 | |
| | ♣ Á3 | |
| VESTUR | ♠ 10952 | AUSTUR |
| | ♥ K964 | ♠ D6 |
| | ♦ 2 | ♥ ÁDG1073 |
| | ♣ KD85 | ♦ 1064 |
| | | ♣ 74 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ Á873 | |
| | ♥ 5 | |
| | ♦ D83 | |
| | ♣ G10962 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|--------|---------|
| Jin | Duboin | Robson | Martens |
| - | - | - | Pass |
| Pass | 1 G | Pass | 2 ♣ |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 ♠ |
| Pass | 4 ♠ /// | | |

Það er tvímenningsbragur á sögnum Duboins - fyrst opnar hann á grandí með góðan sex-spila tíglum og veður svo í fjóra spaða í sönnuðu 4-3 fitti.

En Martens var bjartasýnn. Hann fékk út laufkóng, sem hann tók strax, spilaði spaða á ásinn og svínaði gosann. Robson drap, og skipti yfir í hjartaás og hjarta. Martens trompaði og tók spaðakónginn. En ekki féll liturinn, svo spilið var hrunið og fór fjóra niður: 400 í AV, sem var auðvitað mjög gott fyrir Robson.

Martens var óheppinn með trompleguna. Hann vinnur spilið ef spaðinn er 3-3 eða ef drottningin er rétt önnur eða fjórða. Þá tekur hann aðeins tvisvar tromp, en spilar svo tíglum og leyfir vörninni að stinga einu sinni.

| | |
|----------|---------|
| N/Enginn | NORÐUR |
| | ♠ Á8642 |
| | ♥ Á84 |
| | ♦ G1042 |
| | ♣ Á |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|--------|--------|--------|
| Martens | Jin | Duboin | Robson |
| - | 1 ♠ | Pass | 1 G * |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 ♥ |
| Pass | ? | | |

Myndi lesandinn segja meira?

En nú fór að halla undan fæti hjá Robson. Í þriðja síðasta spilinum var Kínverjinn Jin Jiansheng full varkár að gefa ekki áskorun í geim, þrátt fyrir lágmark í punktum:

| | | |
|---------|-----------|----------|
| | NORÐUR | |
| | ♠ Á8642 | |
| | ♥ Á84 | N/Enginn |
| | ♦ G1042 | |
| | ♣ Á | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ G95 | | ♠ KD7 |
| ♥ 65 | | ♥ G9 |
| ♦ Á753 | | ♦ K86 |
| ♣ G1062 | | ♣ K9754 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ 103 | |
| | ♥ KD10732 | |
| | ♦ D9 | |
| | ♣ D83 | |

| | | | |
|---------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Martens | Jin | Duboin | Robson |
| - | 1 ♠ | Pass | 1 G |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 ♥ /// |

Það haggar ekkert fjórum hjörtum í þessu spili og Robson tókst raunar að ná í 11 slagi í bútnum. Martens kom út með laufgosa og Robson spilaði litlum tígli á drottninguna í öðrum slag. Martens skipti réttilega yfir í spaða (annars fer spaði niður í tígl síðar) og Robson gaf slaginn. Sem var snjall og taktískur leikur, því nú verður austur að taka á tíglkónginn ef hann vill fleiri slagi. En Duboin spilaði spaða áfram. Robson var með spaðastöðuna á hreinu - hann drap á ásinn og trompaði út spaðann. Þegar hjartað kom 2-2 var hægt að leggja upp (tígull og lauf fara niður í tvo frisaða og eitt lauf er trompað).

En það var var vont að missa geimið og Robson var svoltið titrandi þegar hann tók upp næsta spil - hið næst síðasta í mótinu - þar sem hann þrufti að taka þýðingarmikla ákvörðun í sögnum.

Settu þig í hans spor:

| | | | |
|-----------|----------|--------|--------|
| S/AV | NORÐUR | | |
| | ♠ 102 | | |
| | ♥ ÁG9853 | | |
| | ♦ G | | |
| | ♣ KG94 | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Del Monte | Robson | Chemla | Drumev |
| - | - | - | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | 1 ♠ | 2 ♣ |
| Pass | ? | | |

Hvaða sögn myndi lesandinn velja?

NORÐUR
♠ 102
♥ ÁG9853 S/AV
♦ G
♣ KG94

VESTUR
♠ 973
♥ K62
♦ 10843
♣ 632

AUSTUR
♠ ÁKDG5
♥ 1074
♦ K52
♣ 85

SUÐUR
♠ 864
♥ D
♦ ÁD976
♣ ÁD107

Engin sögn er góð: Norður á ekki nóg til að krefja í geim með 2♠, of mikið í 2♥, ekki réttu spilin í 3♥, og 3♣ er hrein kisumelding. Robson valdi ekkert af þessu - hann stökk í 4♣:

| | | | |
|------------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Dekl Monte | Robson | Chemla | Drumev |
| - | - | - | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | 1 ♠ | 2 ♣ |
| Pass | 4 ♣ | Pass | 5 ♣ /// |

Robson tók sér langan tíma í þessa ákvörðun og sennilega hefur hann komst að þeirri niðurstöðu að suður væri með einspil í hjarta úr því að AV hömuðust ekkert í spaðanum. Rétt ályktun, en Robson var óheppinn að einspil makkers skyldi vera drottningin, því hún tryggir að 4♥ vinnast. Drumev vann reyndar 5♣, en í tvímenningi er himinn og haf á milli þess að fá 400 eða 420.

Robson var því ekki rótt þegar síðasta spilið kom á borðið. Við skulum skoða það frá sjónarhorni féлага hans, Búlgarans Christo Drumev, sem er í austur í vörn gegn þremur gröndum:

S/Allir NORÐUR
♠ 96543
♥ G7
♦ ÁDG64
♣ 2

Útspil ♥3

AUSTUR
♠ KG8
♥ Á86
♦ 105
♣ ÁK984

| | | | |
|--------|-----------|--------|--------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Robson | Del Monte | Drumev | Chemla |
| - | - | - | 1 G * |
| Pass | 2 ♥ ** | Pass | 2 ♠ |
| Pass | 3 G /// | | |

* 15-17 ** yfirfærsla

Út kemur hjartaþristur, Paul Chemla lætur smátt úr blindum, þú tekur með ás, en... hvað svo?

Punktatalning leiðir í ljós að makker getur átt einn gosa mest - ef sagnhafi á 16 punkta en ekki 17. Drumev ákvað að vera bjartsýnn og vonast eftir ♣G hjá makker - hann spilaði laufi undan ÁK:

NORÐUR
♠ 96543
♥ G7
♦ ÁDG64
♣ 2

VESTUR
♠ 1072
♥ 10543
♦ 832
♣ 1075

AUSTUR
♠ KG8
♥ Á86
♦ 105
♣ ÁK984

SUÐUR
♠ ÁD
♥ KD92
♦ K97
♣ DG63

Þar með var Chemla kominn með 11 slagi og nánast topp fyrir spilið. Þarf að taka það fram - Robson hefði unnið ef Drumev hefði tekið á ♣ÁK.

♠ ♥ ♦ ♣

Ljúkum þessari upprifjun frá Veróna með snotri slemmu Jóns Baldurssonar. Jón spilaði 6♠ í suður eftir hindrun vesturs í laufi. Í vörninni voru Madala og Chagas frá Brasilíu:

NORÐUR
♠ Á9874
♥ -
♦ K10864
♣ D64

VESTUR
♠ -
♥ 9654
♦ 953
♣ ÁKG972

AUSTUR
♠ G102
♥ K10872
♦ DG
♣ 1083

SUÐUR
♠ KD653
♥ ÁDG3
♦ Á72
♣ 5

Út kom ♣K og svo ♥6 í öðrum slag. Chagas las stöðuna rétt og lét tíuna. Jón bjóst ekki við að fá litlu hjónin í tígli fyrirhafnarlaust undir ás og kóng, svo hann hóf undirbúning að kastþröng. Fyrst tók hann ♠KD. Hann trompaði næst hjarta, tók ♠Á, fór heim á ♦Á og lagði niður ♥Á. Stakk síðasta hjartað og lauf heim. Nú átti blindur ♦K10 og ♣D, en heima var Jón með eitt tromp og tvo tíglhunda. Jón spilaði síðasta spaðanum og "þvingaði" vestur með ♣K og lendina í tígli. Vel spilað, þótt þvingunin reyndist óþörf.

ÓL Í ISTANBÚL

Tólfta Ólympíumótið fór fram í Istanbul í Tyrklandi fyrr í vetur (dagana 25. október til 6. nóvember). Ísland sendi lið í opna flokkinn og náði inn í 16 liða úrslit (af 72 þjóðum), en tapaði þá fyrir Kínverjum í útsláttarleik. Hin sigursæla Lavazza-sveit frá Ítalíu vann eftir úrslitaleik við Hollendinga.



Ítalirnir ósigrandi. Frá vinstri: Fulvio Fantoni, fyrirlíðinn Maria Teresa Lavazza, Giorgio Duboin, Norberto Bocchi, Alfredo Versace, Claudio Nunes, Gianarrigo Rona forseti Bridssambands Evrópu, Lorenzo Lauria og hjálfarinn Massimo Ortensi.

Í kvennaflokki spiluðu 43 þjóðir og unnu rússnesku konurnar þær bandarísku í æsispennandi úrslitaleik. Sveit Rússa var þannig skipuð: Olga Galaktinova, Maria Lebedeva, Victoria Gromova, Natalia Karpenko, Tatiana Ponomareva og Irina Vasilkova.

Þá var í annað sinn keppt í flokki öldunga á ÓL og unnu Bandaríkjamenn eftir harða baráttu við Hollendinga. Sveitin var þannig mönnuð: John Onstott, Jim Robinson, John Schermer, Neil Chambers, Marshall Miles og Leo Bell.

Loks fór fram þverþjóðleg parasveitakeppni, sem lið undir forystu Sabine Auken vann, en með henni spiluðu Zia Mahmood, og Frakkarnir Paul Chemla og Catherine D'Ovido.

Lið Íslands



Íslenska liðið var þannig skipað:

Aðalsteinn Jörgensen/Sverrir Ármannsson
Magnús E. Magnússon/Matthías Þorvaldsson
Jónas P. Erlingsson/Steinar Jónsson
Jónas var jafnframt fyrirlíði.

| A-riðill | | | Ísl | B-riðill | | | C-riðill | | | D-riðill | | |
|----------|------------|-----|-----|----------|------------|-----|----------|--------------|-----|----------|------------|-----|
| 1 | Holland | 318 | 12 | 1 | Kína | 338 | 1 | England | 352 | 1 | Frakkland | 322 |
| 2 | Ítalía | 317 | 18 | 2 | Þýskaland | 309 | 2 | Írland | 332 | 2 | Japan | 305 |
| 3 | Rússland | 316 | 22 | 3 | Tyrkland | 306 | 3 | Ungverjaland | 326 | 3 | Pakistan | 295 |
| 4 | Ísland | 312 | -1 | 4 | Bandaríkin | 304 | 4 | Egyptaland | 321 | 4 | Svíþjóð | 294 |
| 5 | Argentína | 308 | 14 | 5 | Noregur | 294 | 5 | Pólland | 320 | 5 | Spánn | 291 |
| 6 | Lettland | 271 | 19 | 6 | Líbanon | 288 | 6 | Danmörk | 310 | 6 | Brasíla | 288 |
| 7 | Hong Kong | 264 | 5 | 7 | Ástralía | 280 | 7 | Ísrael | 286 | 7 | Indónesía | 286 |
| 8 | Nýja Sjál. | 259 | 19 | 8 | Balgaríja | 277 | 8 | Austurríki | 280 | 8 | Grikkland | 273 |
| 9 | Skotland | 254 | 25 | 9 | Indland | 268 | 9 | San Marino | 266 | 9 | S. Afríka | 260 |
| 10 | Georgía | 248 | 20 | 10 | Krótía | 251 | 10 | Rúmenía | 264 | 10 | Litháen | 248 |
| 11 | Belgía | 244 | 15 | 11 | Eistland | 238 | 11 | Finnland | 260 | 11 | Wales | 243 |
| 12 | Kanada | 234 | 20 | 12 | Sviss | 227 | 12 | Malasía | 221 | 12 | Portúgal | 234 |
| 13 | K. Tapei | 226 | 17 | 13 | Martínique | 216 | 13 | Venezúela | 173 | 13 | Bosnía/H. | 222 |
| 14 | Serbía/S. | 226 | 25 | 14 | Lúxemborg | 212 | 14 | Filíþseyjar | 170 | 14 | Tékkland | 219 |
| 15 | Guadeloupe | 211 | 16 | 15 | Tónis | 206 | 15 | Mexíkó | 161 | 15 | Jórdanía | 216 |
| 16 | Mórokkó | 198 | 25 | 16 | Chile | 183 | 16 | F.Pólínésía | 158 | 16 | Botsvana | 201 |
| 17 | Bangladesh | 180 | 23 | 17 | Singapúr | 170 | 17 | Reunión | 145 | 17 | Bermuda | 198 |
| 18 | Mauritius | 152 | 18 | 18 | Kenya | 158 | 18 | Kýpur | 142 | 18 | Costa Rica | 147 |

Riðlakeppnin

Sveitunum 72 í opna flokknum var fyrst skipt í fjóra 18 sveita riðla, þar sem spilaðir voru innbyrðis 20 spila leikir. Efstu fjórar sveitir hvers riðils héldu áfram í 16 liða útsláttarkeppni.

Úrslit riðlakeppninnar sjást hér að ofan. Englendingar skorðu þar mest allra, eða 20.71 að jafnaði úr leik, en toppbaráttan var jöfn í A-riðli og höfðu Hollendingar vinninginn með 18.61 stig að jafnaði. Íslenska sveitin skoraði 18.35 að meðaltali, en sveitin í 5. sæti - Argentína - var með 18.12. Í dálkinum merkt "Ísl" er árangur Íslands gegn viðkomandi þjóð. Eins og sjá má, þá tapaðist aðeins einn leikur illa, á móti Hong Kong. Sveitin tapaði tveimur öðrum leikjum, 12 og 14, gerði eitt jafntefli, en vann hina leikina þrettán.

Riðlakeppnin var butler-reiknuð af mótshöldurum og skorðu ensku Hackett-bræðurnir, þeir Jason og Justin, mest, eða +1.29 IMPa að jafnaði úr spili. Íslensku þörin stóðu sig öll vel, en Matthías og Magnús best. Þeir urðu í 14. sæti fjöl-sveitarinnar með +0.79 skoraðan IMPa (úr 240 spilum), Sverrir og Aðalsteinn voru 46. sæti með +0.45 (úr 220 spilum), og Jónas og Steinar með 84. sæti með +0.15 (úr 220 spilum).

Útslátturinn

Efstu sveitir hvers riðils fengu að velja sér mótherja úr öðrum riðlum í fyrsta útsláttarleikinn. Kínverjum leist best á Íslendinga og það reyndist þeim gott val. Hollendingar völdu Þjóðverja og unnu tæpt, en hinar forystuþjóðirnar biðu lægri hlut gegn sínum valkostum.

Sextán liða úrslit - 80 spil

| | | | |
|--------------|------------|-----------|-----|
| Kína | Ísland | 218 - 104 | IMP |
| Holland | Þýskaland | 175 - 142 | IMP |
| Ungverjaland | Frakkland | 182 - 168 | IMP |
| Pakistan | England | 201 - 164 | IMP |
| Ítalía | Bandaríkin | 158 - 146 | IMP |
| Írland | Svíþjóð | 193 - 160 | IMP |
| Japan | Egyptaland | 223 - 199 | IMP |
| Rússland | Tyrkland | 170 - 163 | IMP |

Átta-liða úrslit - 96 spil

| | | | |
|----------|------------|-----------|-----|
| Holland | Írland | 296 - 177 | IMP |
| Rússland | Ungverjal. | 206 - 204 | IMP |
| Kína | Japan | 216 - 95 | IMP |
| Ítalía | Pakistan | 209 - 120 | IMP |

Undanúrslit - 96 spil

| | | | |
|---------|----------|-----------|-----|
| Holland | Rússland | 195 - 116 | IMP |
| Ítalía | Kína | 180 - 136 | IMP |

Úrslitaleikurinn -128 spil

| | | | |
|--------|---------|-----------|-----|
| Ítalía | Holland | 310 - 251 | IMP |
|--------|---------|-----------|-----|

Að móti loknu

Ítalska ofursveitin rúllaði létt í gegnum síðustu þrjá útsláttarleikina, en lenti í kröppum dansi á móti bandarísku sveitinni í 16-liða úrslitum. Sem kemur svo sem ekki á óvart miðað við söguna. En helstu fréttir mótsins hljóta að vera hið góða gengi Kínverja, sem augljóslega eru í hörku sókn. Og það eru virkilega góð tíðindi fyrir íþróttina, sem veitir ekki af nýju blóði. Næstu blaðsíður verða helgaðar leikjum íslensku sveitarinnar í riðlakeppninni í Istanbul. Íslenska sveitin spilaði riðlakeppnina mjög vel, en sá aldrei til sólar í leiknum við Kína í 16-liða úrslitum. Kínaleikurinn er efni í heila bók, en sú bók kemur út í Kína en ekki á Íslandi.

RÍÐLAKEPPNIN

1. Ítalía 18-12 IMPar 53-40

ÞAÐ ER alltaf gott að fá Ítali snemma móts áður en "Ferrari" vélin hitnar og fer að vinna með fullum afköstum. Okkar menn fóru vel af stað og voru komnir með 37 IMPa forystu eftir 10 spil. Þrjár stórsveiflur stóðu að mestu undir forskotinu: Í fyrsta lagi geim á hættunni sem Fantoni/Nunes sleppu, svo misheppnað útspil Nunes gegn 3G eftir lokaðar *re-lay*-sagnir Sverris og Aðalsteins, og loks tóku Magnús og Matthías glannalega alslemmu sem lá til vinnings:

| | | |
|-----------|---------|--------|
| NORÐUR | | |
| ♠ KD643 | | |
| ♥ KD104 | A/Allir | |
| ♦ - | | |
| ♣ DG103 | | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ G | | ♠ 9 |
| ♥ Á6532 | | ♥ G987 |
| ♦ KG42 | | ♦ Á973 |
| ♣ 984 | | ♣ K752 |
| SUÐUR | | |
| ♠ Á108752 | | |
| ♥ - | | |
| ♦ D10865 | | |
| ♣ Á6 | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|----------|--------|--------|
| Versace | Matthías | Lauria | Magnús |
| - | - | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 2 G * | Pass | 4 ♥ * |
| Pass | 5 ♦ * | Pass | 6 ♣ * |
| Pass | 7 ♠ /// | | |

Matthías styður spaðann með 2G og 4♥ Magnúsar sýnir eyðu. Bæði 5♦ og 6♣ eru fyrirstöðusagnir og 7♠ gott skot með líkum, því alslemman gæti gerið borðleggjandi, en aldrei verri en laufsvínung. - Hún reyndist vera laufsvínung, en kóngsi var á réttum stað og Ísland vann 13 IMPa.

Ítalir fengu sína fyrstu stórsveiflu í 15. spili. Hún byggðist á sagnákvörðun norðurs í þessari stöðu:

♠ 74 ♥ ÁD ♦ ÁDG10985 ♣ K6

| | | | |
|--------|--------|--------|-------|
| S/NS | | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | - | - | 1 ♠ |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 ♥ |
| Pass | 3 ♦ | Pass | 3 G |
| Pass | ? | | |

Svarið á 2♦ var krafa í geim.

Hvað myndi lesandinn gera?

NORÐUR
♠ 74
♥ ÁD S/NS
♦ ÁDG10985
♣ K6

VESTUR
♠ 632
♥ 763
♦ 643
♣ 10753

AUSTUR
♠ ÁK10
♥ G542
♦ K72
♣ G84

SUÐUR
♠ DG985
♥ K1098
♦ -
♣ ÁD92

Fantoni kaus að passa og Nunes tók léttu 10 slagi í 3G. Matthías hélt hins vegar áfram, sagði 4♦, sem Magnús lyfti í fimm. Það var vita vonlaust spil, austur tók ♠ÁK og beið eftir trompslagnum. Matthíasi er vorkunn að halda áfram, því það þarf ekki mikið á móti til að slemma standi. Og kannski gat Magnús bjargað spilinu með því að segja 4G.

2. Hong Kong 5-25 IMPar 8-56

VONDI leikurinn. Fyrirfram var talið að Hong Kong myndi blanda sér í toppbaráttuna og þessi leikur staðfesti það álit. Fyrsta sveiflan kom í öðru spili:

NORÐUR
♠ 965
♥ ÁD1043 A/NS
♦ 6
♣ 9873

VESTUR
♠ KG1032
♥ 762
♦ Á2
♣ ÁDG

AUSTUR
♠ ÁD84
♥ G98
♦ 97
♣ K1042

SUÐUR
♠ 7
♥ K5
♦ KDG108543
♣ 65

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|----------|---------|--------|
| Sze | Matthías | Chan | Magnús |
| - | - | Pass | 3 ♦ |
| 3 ♠ | Pass | 4 ♠ /// | |

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|---------|---------|
| Jónas | Lai | Steinar | Malc |
| - | - | Pass | 3 G * |
| Pass | 4 ♣ | Pass | 4 ♦ /// |

Fjórir spaðar er gull af samningi í AV, návæmlega 10 slagir. Sú ákvörðun Magnúsar að opna aðeins á 3♦ hleypir vestri

aðveldlega inn, en margir kusu að byrja á 4♦ með suðurspilin, sem yfirleitt dugði til að þagga niður í andstöðunni. Þriðji möguleikinn er að opna á 3G til að sýna óþéttan átta-spila láglit, eins og gert var á móti Jónasi og Steinari. Það er þó auðveldara að dubla 3G en 4♦, en Jónas sleppti tækifærinu. Fjórir tíglar eiga með réttu að tapast, en vörnin er ekki sjálfgefín. Úspilið var ♠G, sem Steinar tók með ás og spilari aftur spaða. Sagnhafi trompaði, læddi ♦G framhá ásnúm og henti svo laufi niður í hjarta: 10 slagir og 11 IMPar út.

NORÐUR
♠ DG
♥ 9 V/Enginn
♦ G108542
♣ 10875

VESTUR
♠ 73
♥ K10876542
♦ 63
♣ 6

AUSTUR
♠ ÁK1082
♥ ÁDG
♦ -
♣ DG943

SUÐUR
♠ 9654
♥ 3
♦ ÁKD97
♣ ÁK2

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|----------|--------|----------|
| Sze | Matthías | Chan | Magnús |
| 3 ♥ | Pass | 6 ♥ | Dobl /// |

Frá því að Theodore Lightner setti fram hugmyndir sínar árið 1929 hefur dobl á slemmu verið túlkað sem leiðbeining um útspil. Matthías sá fyrir sér eyðu í tigli hjá makker og lagði af stað með ♦G. Hann hafði að hálfu leyti rétt fyrir sér - það var eyða í tigli, en hún var í blindum. Útspilið skipti svo sem engu máli, því sagnhafi ákvað að tryggja spilið með því að gefa slag á lauf og opna samgang fyrir aðra tíglutrompun: 1210 í AV.

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|---------|-------|
| Jónas | Lai | Steinar | Malc |
| 3 ♥ | Pass | 3 ♠ | 4 ♦ |
| Pass | 5 ♦ | 6 ♥ /// | |

Steinar hugðist rannsaka spilið í rólegheitum, en varð ekki að ósk sinni og skaut þá á slemmu. Suður gerði vel í því að dubla ekki (sem kannski hefði beðið um spaða út), og norður stóð sig líka vel þegar hann kom út með lauf. Það dugði þó ekki til að bana slemmunni, en HK-menn fengu 6 IMPa fyrir þá stillingu suðurs að dubla ekki.

3. Belgía 15-15 IMPar 33-33

SPILIN voru frekar flöt og tækifærin til að skora ekki mörg. En það var líf í einu spili. Þú átt eftirfarandi hönd í norður...

♠ G8 ♥ D7532 ♦ 4 ♣ ÁK1042

... og vestur opnar á 1♠. Þú ert grænn, en andstæðingarnir rauðir.

Viltu blanda þér í sagnir?

Hjartaliturinn er ekki beysinn, en það er aumt að segja pass með slíka skiptingu.

NORÐUR
♠ G8
♥ D7532 V/AV
♦ 4
♣ ÁK1042

VESTUR
♠ KD10962
♥ -
♦ ÁK9732
♣ 8

AUSTUR
♠ Á4
♥ KG
♦ DG106
♣ D7653

SUÐUR
♠ 753
♥ Á109864
♦ 85
♣ G9

Belginn í norður stakk sér inn á 2♥:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|----------|-------|
| Jónas | Johnson | Steinar | Stas |
| 1 ♠ | 2 ♥ | Dobl * | 4 ♥ |
| 6 ♦ | Pass | Pass | 6 ♥ |
| Pass | Pass | Dobl /// | |

Eftir neikvætt dobl Steinars veðjar Jónas á að makker sé með réttan ás og stekkur í sex tígla. Suður treystir Jónasi og fórnar, sem reyndist vera góð ákvörðun, því slemman stendur og 6♥ fara aðeins þrjá niður.

Á hinu borðinu valdi Aðalsteinn að koma inn á Michaels með norðurspilin:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|------------|-------------|---------|
| Caputo | Aðalsteinn | Le Boulange | Sverrir |
| 1 ♠ | 2 ♠ * | Dobl | 4 ♥ |
| 5 ♦ | Pass | 6 ♦ | 6 ♥ |
| Pass | Pass | Dobl /// | |

Fimm tígla sögn vesturs er hægversk, en hugsanlega lofar dobl austurs á 2♠ engum ósköpum. Alla vega fannst austri sem hann ætti eitt og annað ósagt og hann hækkaði í slemmu.

Sverri þótti þetta dularfullar sagnir, en vissi að fórnin var ódýr og ákvað að tryggja sig gegn slemmusveiflu.

Spilið féll því í 500 í AV.

4. Holland 12-18 IMPar 30-43

MAGNÚS og Matthías lentu í skemmtilegu ævintýri í fyrsta spili leiksins:

NORÐUR
♠ K86
♥ G1092 N/Enginn
♦ 1052
♣ KG3

VESTUR
♠ 105
♥ ÁK54
♦ D74
♣ 8652

AUSTUR
♠ D7
♥ D8
♦ ÁKG93
♣ ÁD109

SUÐUR
♠ ÁG9432
♥ 763
♦ 86
♣ 74

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|----------|----------|-------|
| Magnús | Prooijen | Matthías | Brink |
| - | Pass | 1 ♣ | 2 ♥ * |
| Pass | 2 ♠ * | Dobl | Pass |
| 4 ♥ /// | | | |

Sagnir skýra sig engan veginn sjálfar. Opnun Matthíasar á einu laufi kemur til dæmis undarlega fyrir sjónir. Kerfið er eðlilegt að grunni til, en með þeirri nýmóðins útfærslu að tígulopnunin sýnir ójafna skiptingu. Því er vakið á laufi með grandhendur, burt séð frá lengd láglitanna, og Matthías ákvað að líta á spilin sín sem jafnskipta 18-19 punkta.

Önnur dularfull sögn er 2♥ Brinks, en það er yfirfærsluhindrun í spaða til að byrja með. Magnús er greinilega ekki viðbúinn þessu vopni og kýs að passa, þrátt fyrir 9 HP, og Matthías doblar 2♠ norðurs til úttektar, þrátt fyrir heldur óþjála skiptingu. En það er ekki hægt að þegja með 18 punkta. Magnús átti nú eitt og annað ósagt og skaut á 4♥.

Undir venjulegum kringumstæðum telst 4-2 fittið heldur slakur tromplitur, en hér er það gull. Vörnin tók tvo slagi á spaða og skipti svo yfir í lauf. Magnús svínaði drottningunni, tók þrjá efstu í trompi og spilaði tíglum. Tíu slagir! Á hinu borðinu fóru Jansma og Verhees í 3G gegn Sverri og Aðalsteini, en út kom spaði og vörnin tók sex fyrstu slagina: tveir niður og 11 IMPar til Íslands.

Aðrir 11 IMPar komu í næsta spili, þegar Verhees fór niður á viðkvæmu geimi, sem Matthías vann. En svo tóku Hollendingar tvær fallegar slemmur, sem Magnús og Matthías misstu, og þriðja tveggja stafa sveiflan gekk til Hollendinga í þessu spili:

NORÐUR
♠ ÁK1087
♥ KG103 N/Enginn
♦ 4
♣ 942

VESTUR
♠ D43
♥ 4
♦ D109873
♣ DG3

AUSTUR
♠ 9
♥ Á8762
♦ K52
♣ Á875

SUÐUR
♠ G652
♥ D95
♦ ÁG6
♣ K106

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|----------|----------|---------|
| Magnús | Prooijen | Matthías | Brink |
| - | 1 ♠ | Dobl | 2 G * |
| 3 ♦ | 3 ♥ | Pass | 4 ♠ /// |

Sagnhafi spilaði þetta vel. Matthías kom út með tígul, sem Prooijen tók á ♦Á, spilaði spaða á ásinn og síðan litlu laufi að blindum. Matthías dúkkaði og Prooijen stakk upp kóng. Hann svínaði svo ♠10, tók ♠K og sótti hjartaásinn. Á hinu borðinu doblaði austur ekki 1♠ og Aðalsteinn valdi að taka trompið ofanfrá og fór einn niður.

5. Serbía /S. 25-1 IMPar 92-19

LEIKURINN við Serba vannst fyrst og fremst í sögnum:

NORÐUR
♠ D106
♥ 4 N/AV
♦ 632
♣ KG10543

VESTUR
♠ ÁK8
♥ Á872
♦ ÁKG95
♣ 7

AUSTUR
♠ G73
♥ KG1095
♦ 87
♣ Á62

SUÐUR
♠ 9542
♥ D63
♦ D104
♣ D98

Hér kemur vel fram hversu varhugavert það er að biða eftir "réttu" spilunum til að hindra:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|--------|---------|--------|
| Jónas | Kikic | Steinar | Kalcic |
| - | Pass | Pass | Pass |
| 1 ♣ * | 1 ♠ * | 2 ♥ | Pass |
| 3 ♦ | Pass | 3 G | Pass |
| 6 ♥ /// | | | |

Jónas og Steinar spila einfalt Precisionkerfi, þar sem eðilegar sagnir ráða ferðinni í flestum stöðum.

Hér opnar Jónas á sterku laufi og Steinar sýnir hjartalit og 8-11 punkta í stöðunni. Sem er í sjálfu sér allt sem Jónas þarf að vita til að segja slemmu. - Á hinu borðinu vakti Matthías á 3♣:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|----------|----------|---------|--------|
| Zipovski | Matthías | Vlajnic | Magnús |
| - | 3 ♣ | Pass | 4 ♣ |
| Dobl | Pass | 4 ♥ /// | |

Sagnir AV hefjast uppi á fjórða þrepi, svo þeim er vorkunn að missa slemmuna.

6. Rússland 22-8 IMPar 67-32

ÞEGAR hér var komið sögu hafði Ísland farið á sléttu út úr gull- og silfursveitum mótsins (Ítölum og Hollendingum). Nú var bronssveitin á dagskrá (Rússar unnu Kínverja í 48 spila leik um 3. sætið). Sigurinn á Rússum var bæði sanngjarn og sætur, en sennilega bjuggust Sverrir og Aðalsteinn ekki við að vinna stórt á þessu spili:

| NORÐUR | AUSTUR |
|---------|---------|
| ♠ ÁD974 | ♠ 2 |
| ♥ - | ♥ Á8652 |
| ♦ 752 | ♦ ÁKG63 |
| ♣ 98653 | ♣ K7 |

V/Allir

| VESTUR | SUÐUR |
|-----------|----------|
| ♠ KG10863 | ♠ 5 |
| ♥ K74 | ♥ DG1093 |
| ♦ D10 | ♦ 984 |
| ♣ G10 | ♣ ÁD42 |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|------------|-----------|
| Sverrir | Rekunov | Aðalsteinn | Khokholov |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♣ * | Pass |
| 2 ♦ * | Pass | 2 ♥ * | Dobl |
| 2 ♠ * | Pass | 2 G * | Pass |
| 3 ♣ * | Pass | 3 G /// | |

Eftir fislétta opnun Sverris á 1♠ hefst *Icerelay* spurnarleiðangur sem endar í 3G þegar vestur hefur lokið við að sýna skiptinguna.

Útspilið var ♥D. Aðalsteinn tók slaginn heima og spilaði spaða á gosann. Norður drap og skipti yfir í lauf og suður fékk slaginn á drottninguna. En hann hélt áfram með hjartað, svo Aðalsteinn gat tekið sjö slagi: 2 niður.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|----------|----------|--------|-------|
| Matushko | Steinar | Khven | Jónas |
| 2 ♦ * | Pass | 2 G | Pass |
| 3 ♦ | Pass | 4 ♠ | Pass |
| Pass | Dobl /// | | |

Á hinu borðinu vakti vestur á *multi* með spil vesturs og sýndi hámark með spaða í næstu umferð. Það freistaði austurs til að reyna við spaðageimið, þrátt fyrir einspilið, sem Steinari líkaði vel og dró upp rauða miðann. Jónas byrjaði á ♥D og Steinar trompaði og skipti yfir í lauf. Jónas notaði samganginn til að gefa makker tvær hjartastungur í viðbót, svo Steinar fékk allt í allt 5 slagi á tromp. Með tveimur á lauf þýddi það 4 niður og 1100 til góðu gæjanna. - Eftir 10 spil var staðan 50-0 fyrir Ísland, en þá loks svöruðu Rússar fyrir sig:

| NORÐUR | AUSTUR |
|--------|----------|
| ♠ D109 | ♠ K2 |
| ♥ DG62 | ♥ 10543 |
| ♦ K5 | ♥ D10843 |
| ♣ ÁD42 | ♣ 107 |

S/Enginn

| VESTUR | SUÐUR |
|---------|---------|
| ♠ G6543 | ♠ Á87 |
| ♥ 987 | ♥ ÁK |
| ♦ 2 | ♦ ÁG976 |
| ♣ 9863 | ♣ KG5 |

Jónas og Steinar stóðu sig vel og enduðu á réttum stað, í sex gröndum. Jónas spilaði slemmuna í suður og fékk 12 slagi með því að svína ♦G.

Á hinu borðinu keyrðu Khokholov og Rekunov og í 7G, sem Rekunov spilaði í norður. Suður hafði sýnt tígullit og sterk spil og Aðalsteinn reyndi að grugga vatnið með því að spila út ♦8. Sagnhafi lét níuna og hún átti slaginn. Hann spilaði næst tígli á kóng (Sverrir henti hjarta), tók ♥ÁK og ♦Á, síðan laufin og ♥DG. Sem var meira en Aðalsteinn ræð við:

| NORÐUR | AUSTUR |
|--------|--------|
| ♠ D10 | ♠ K2 |
| ♥ G | ♥ - |
| ♦ - | ♥ D |
| ♣ - | ♣ - |

| VESTUR | SUÐUR |
|--------|-------|
| ♠ G65 | ♠ Á8 |
| ♥ - | ♥ - |
| ♦ - | ♦ G |
| ♣ - | ♣ - |

Aðalsteinn varð að henda spaða og kóngurinn féll svo undir ásinn. Harðir naglar, þessir Rússar.

7. Kanada 20-10 IMPar 50-27

ÞÓ SVO að Kanadamenn státi af heimsþekktum spilurum, hafa þeir ekki náð að sýna þéttleika í alþjóðamótum. Lið þeirra í Ístanbul sýndi enga meistaratakt og íslenskur sigur var frekar auðsóttur.

| NORÐUR | AUSTUR |
|---------|-------------|
| ♠ D2 | ♠ ÁKG109654 |
| ♥ K1073 | ♥ D65 |
| ♦ G964 | ♦ D5 |
| ♣ 874 | ♣ - |

S/NS

| VESTUR | SUÐUR |
|---------|-------------|
| ♠ 73 | ♠ 8 |
| ♥ Á9842 | ♥ G |
| ♦ K872 | ♦ Á103 |
| ♣ 52 | ♣ ÁKDG10963 |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|------------|----------|---------|
| Lindop | Aðalsteinn | Cummings | Sverrir |
| - | - | - | 1 ♣ * |
| Pass | 1 ♦ | 4 ♠ | 5 ♣ /// |

Sterka laufið er mikil hindrunarsögn, og kannski er það skýringin á því að Sverrir kaupir samninginn í 5♣. Önnur hugsanleg skýring gæti verið sú að Cummings hafi lesið sér til óbóta af *The Bridge World*, en í því riti er sterkelega varað við því að tvíhindra á sömu spilin. En samt, þetta er nú áttlitur og eyða í laufi.

Fimm spaðar vinnast í AV, en fljótt á litid virðast 5♣ eiga að fara einn niður. En þá þarf austur að skipta yfir í tígul í öðrum slag. Það gerði Cummings ekki. Hann fékk út spaða og hélt áfram með spaða. Sverrir stakk hátt, tók ♣Á og spilaði ♥G. Vestur dúkkaði og Sverrir fór upp með kónginn. Spilaði næst tígli á tíu og kóng, og veiddi svo ♦D síðar.

Sverrir spilaði vel, en vestur hefði engu bjargað með því að fara upp með ♥Á. Blindur kemst tvisvar inn á tromp, sem dugir til að trompa niður ♥D austurs og nýta tíuna.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|------------|----------|----------|
| Magnús | Richardson | Matthías | Jotcham |
| - | - | - | 1 ♣ |
| 1 ♥ | 1 G | 4 ♠ | 5 ♣ |
| Pass | Pass | 5 ♠ | 6 ♣ |
| Pass | Pass | 6 ♠ | Dobl /// |

Matthías hafði mun meiri trú á áttlitnum en Cummings, en 6♠ var þó einum of mikið sagt. En það dugði í 11 IMPa til Íslands að fara einn niður á 6♠.

8. Argentína 14-16

IMPar 55-59

ÞÚ ERT í fyrstu hendi, á hættu gegn utan, með þessi spil:

♠ KG8732 ♥ G7 ♦ D3 ♣ D85

Viltu opna á veikum tveimur?

| | | |
|----------|--|---------|
| NORÐUR | | |
| ♠ KG8732 | | N/NS |
| ♥ G7 | | |
| ♦ D3 | | |
| ♣ D85 | | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ ÁD1054 | | ♠ 6 |
| ♥ 962 | | ♥ Á843 |
| ♦ K2 | | ♦ Á1075 |
| ♣ G64 | | ♣ ÁK32 |
| SUÐUR | | |
| ♠ 9 | | |
| ♥ KD105 | | |
| ♦ G9864 | | |
| ♣ 1097 | | |

Steinar valdi að passa og AV melduðu sig rólega upp í 3G. Sá samningur var vonlaus og fór einn niður. Á hinu borðinu vakti norður á 2♠. Matthías doblaði til úttekta og Magnús sat sem fastast. Vörmin tók strax fimm toppslagi á hliðarlitina, en síðan fékk Magnús þrjá slagi á tromp: 3 niður og 800 til Íslands, eða 13 IMPar.

Argentínumenn spiluðu annars vel og voru komnir með góða stöðu þegar þetta spil kom upp undir lokin:

| | | |
|------------|--|-----------|
| NORÐUR | | |
| ♠ Á752 | | A/NS |
| ♥ D9 | | |
| ♦ - | | |
| ♣ ÁD107643 | | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ 1084 | | ♠ KDG3 |
| ♥ ÁK105 | | ♥ 3 |
| ♦ K986 | | ♦ DG75432 |
| ♣ G9 | | ♣ 5 |
| SUÐUR | | |
| ♠ 96 | | |
| ♥ G87642 | | |
| ♦ Á10 | | |
| ♣ K82 | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|----------|---------|---------|-------|
| Lambardi | Steinar | Ravenna | Jónas |
| - | - | Pass | Pass |
| 1 ♥ | 2 ♣ | 2 ♦ | 3 ♣ |
| 3 ♦ | 3 ♠ | 4 ♦ | 5 ♣ |
| Dobl /// | | | |

Austur kom út með einspilið í hjarta. Vestur tók slaginn á ♥K og skipti yfir í ♦K. Steinar henti þá ♥D og spilaði ♠Á og spaða. Hann gat nú trompað tvo spaða í blindum og fékk 11 slagi.

Í hinum salnum fékk Matthías að vinna 5♦ doblaða eftir heldur vandræðalega vörn. Út kom ♠9, sem norður tók með ás og spilaði aftur spaða!?! Þar með gat Matthías hent laufi í hjartakóng og sótt tígulásinn, enda var samgangur fyrir spaðastungu nú út úr myndinni. Þetta spil gaf Íslandi 16 IMPa og það munar um minna.

9. Nýja Sjál. 19-11

IMPar 47-29

EITT spil í leiknum við Ný-Sjálendinga kom til kasta dómnefndar. Það snerist um rangar útskýringar á sögnum:

| | | |
|----------|--|----------|
| NORÐUR | | |
| ♠ Á8 | | V/Allir |
| ♥ ÁK32 | | |
| ♦ K5 | | |
| ♣ ÁD1043 | | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ D1093 | | ♠ K75 |
| ♥ DG64 | | ♥ 975 |
| ♦ 6 | | ♦ D10872 |
| ♣ K875 | | ♣ G9 |
| SUÐUR | | |
| ♠ G642 | | |
| ♥ 108 | | |
| ♦ ÁG943 | | |
| ♣ 62 | | |

Hinn forlagði samningur er 3G í NS og sú varð niðurstaðan á flestum borðum. Geimið er viðkvæmt og fór víða niður, en vannst báðum megin í leik Íslands og Nýja Sjálands. Jónas átti út með vestur-spilin og valdi ♥4. NýSjálendingurinn Newell hleypti því á tíuna heima og svínaði svo lauftíu í næsta slag. Steinar átti slaginn á gosann og gat nú banað geiminu með því að skipta yfir í spaða, en kaus að svara makker upp í hjartanu. Sagnhafi hefur nú öll völd - það dugir honum að fara heim á tígulás og svína laufdrottningu. En hann spilaði litlu laufi úr borði og Steinar fékk annað tækifæri til að spila spaða, en ákvað að hamra á hjartanu. Og þá gat sagnhafi fríað sér slag á lauf og tekið níu með svíningu í tígli.

Víkur þá sögunni í opna salinn, þar sem Aðalsteinn varð sagnhafi í 3G eftir þessar sagnir:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|------------|---------|---------|
| Crombie | Aðalsteinn | Cornell | Sverrir |
| Pass | 1 ♣ | Pass | 1 ♦ |
| Pass | 2 G | Pass | 3 ♦ |
| Pass | 3 ♥ | Pass | 3 G /// |

Aðalsteinn opnar á sterku laufi, fær af-meldingu og sýnir þá 20-21 HP og jafna hönd með 2G. Þrjú tíglar er Stayman.

Cornell í austur spilaði út ♦2. Aðalsteinn lét níuna úr borði, en sá eftir því strax og yfirdrap með kóng til að spila aftur tígli að blindum í þeim tilgangi að svína gosanum. Austur vissi hvað stóð til og lét drottninguna, líklega til að sýna styrk í spaða. Aðalsteinn drap og tók líka á tígulgosa. Spilaði næst laufi og hitti á að svína drottningunni. Laufás og lauf fylgdi í kjölfarið og vestur var inni. Nú þarf vestur að spila spaða til að bana geiminu, en Crombie spilaði hjarta, sem þýddi að Aðalsteinn hafði ráðrúm til að fría níunda slaginn á lauf.

Austur stakk hausnum inn í lúguna og vildi vita af hverju makker hans spilaði ekki spaða. Kom þá upp úr dúrnum að Sverrir hafði útskýrt 2G sem 22-23 HP, en það þýddi, samkvæmt útreikningum vesturs, að Aðalsteinn var með ÁK í báðum hálitum. Vestur taldi því engu máli skipta hvað hann gerði.

“Keppnisstjóri!”

Keppnisstjórar eru hallir undir saklausu hliðina, svokölluðu, og skor var snarlega breytt í einn niður, eða 100 AV. Jónas áfrýjaði til dómnefndar, sem aftur breytti skor í 600 í NS. Rökin voru þau að jafnvel þótt vestur hefði fengið rangar upplýsingar, þá hefði hann átt að fylgja kalli makkers í spaða (tíguldrottning) og reyna að hnekkja geiminu. Menn eiga ekki alltaf nákvæmlega þann punkta-styrk sem þeir lofa og eina von vesturs í stöðunni var að spila austur upp á kóng í hálit. Athyglisverður dómur.

Þetta var hárreisandi spil hjá NýSjálendingum:

| | | |
|----------|--|--------|
| NORÐUR | | |
| ♠ 65 | | A/AV |
| ♥ D6 | | |
| ♦ ÁD7643 | | |
| ♣ 1075 | | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ ÁKG103 | | ♠ D982 |
| ♥ 109875 | | ♥ ÁK42 |
| ♦ 102 | | ♦ K9 |
| ♣ 2 | | ♣ ÁD8 |
| SUÐUR | | |
| ♠ 74 | | |
| ♥ G3 | | |
| ♦ G85 | | |
| ♣ KG9643 | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|------------|---------|---------|
| Crombie | Aðalsteinn | Cornell | Sverrir |
| - | - | 1 ♥ | Pass |
| 4 ♣ | Pass | 4 ♦ | Pass |
| 4 ♠ | Pass | 4 G | Pass |
| 5 ♣ | Pass | 5 ♦ | Pass |
| 5 ♥ | Pass | 5 ♠ | Pass |
| 6 ♣ | Pass | 6 G /// | |

Ekki er alveg á hreinu hvað sagnir þýða, en eitt er þó víst: 4♣ vesturs er *splinter* með samþykkt á hjarta, en síðan keyrir austur í slemmu og velur gröndin af illskiljanlegum ástæðum.

Slemman er vissulega vond, en vinnst með því að spila tígli á kóng, því hjartað kemur 2-2. En Cornell valdi svínunguna í laufi og fór tvo niður. Þriðji möguleikinn er að spila upp á að suður sé með bæði lykilsplil - tígulás og laufkóng. Í þriggja spila endastöðu á austur ♦K og ♣ÁD, en suður þá (vonandi) ♦Á og ♣Kx. Suðri yrði svo spilað inn á ♦Á. Þetta er glæsilegasti kosturinn, en auðvitað sá versti. En hvað um það, Ísland vann 13 IMPa á spilinu, því Jónas og Steinar létu sér nægja að spila 4♠ á hinu borðinu.

10. Mauritius 18-12 IMPar 50-35

ÞAD ER aldrei á vísan að róa við bridsborðið, og þó svo að Mauritius sæti sem fastast í neðsta sæti riðilsins, voru spilin daufleg og andstæðingarnir í léttleikandi stuði. Sverrir fékk að kenna á því hér:

NORÐUR
♠ 52
♥ ÁK10863 A/NS
♦ 1097
♣ 84

VESTUR
♠ 86
♥ D52
♦ 532
♣ ÁKG107

AUSTUR
♠ 73
♥ G9
♦ KDG86
♣ 9532

SUÐUR
♠ ÁKDG1094
♥ 74
♦ Á4
♣ D6

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|------------|--------|---------|
| Doomun | Aðalsteinn | Chan | Sverrir |
| - | - | Pass | 1 ♣ * |
| 2 ♣ | 2 ♥ | 5 ♣ | 5 ♠ /// |

Sverrir vekur á sterku lauf með sjölitinn sinn þetta í spaða, en þarf svo að segja næst við 5♣. Hann valdi 5♠ og fór tvo niður eftir misheppnaða djúpsvínungu í hjarta. (Vestur tók ♣ÁK og skipti yfir í tígul.) Fimm lauf fara þrjá niður (500), en það er erfitt fyrir suður að þegja yfir þessum fallega spaða. AV uppskáru einfaldlega fyrir hvassar sagnir sínar.

Á hinu borðinu vakti Matthías í austur á veikum tveimur í tígli. Suður doblaði, Magnús hækkaði í 3♦ og norður stökk í 4♥. Suður breytti nú í 4♠ og auðvitað hafði enginn neitt við það að athuga: Slétt staðið og 13 IMPar út.

11. Georgía 20-10 IMPar 69-44

Á ÞESSUM tímapunkti var sveit Georgíu í þriðja sæti riðilsins.

NORÐUR
♠ ÁD654
♥ ÁG2
♦ Á652
♣ D

V/NS

VESTUR
♠ G972
♥ 87
♦ G
♣ KG7642

AUSTUR
♠ 8
♥ D10653
♦ D10974
♣ 105

SUÐUR
♠ K103
♥ K94
♦ K83
♣ Á983

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|----------|---------|----------------|
| Jónas | Goshadze | Steinar | Chechelashvili |
| Pass | 1 ♠ | Pass | 1 G * |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 4 ♠ |
| Pass | 4 G | Pass | 5 ♦ |
| Pass | 6 ♠ /// | | |

Sé horft eftir NS-línunni sést að slemma er alls ekki fráleitur kostur - vissulega er hún dálítið hörð, en gæti unnist í góðri legu. En legan var allt annað en góð og Goshadze fór þrjá niður.

Reyndar fóru margir niður á 4♠. Bandaríkjamadurinn Roy Welland var í þeirra hópi: Hann fékk út ♦10, sem hann tók með ás og spilaði tígli á kóng. En vestur trompaði og skipti yfir í ♥8. Welland hleypti því á níuna og drap tíu austurs með kóng. Spilaði svo tígli til austurs, en vestur losaði sig við ♥7. Austur spilaði hæsta tígli og Welland henti hjarta úr borði og leyfði austri að eiga slaginn. En þá kom austur með hjarta og tryggði makker sínum fjórða slag varnarinnar á ♠G. Hinn norski Eric Sælendsmínde fór niður á svipaðan hátt, en Matthías fékk hjálp í sögnum, sem gerði honum kleift að finna örugga vinningsleið, þrátt fyrir óheppilega byrjun:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|------------|----------|------------|---------|
| Berishvili | Matthías | Abzianidze | Magnús |
| Pass | 1 ♠ | 2 ♠ * | 3 ♥ |
| Pass | 4 ♣ | Pass | 4 ♦ |
| Pass | 4 ♥ | Pass | 4 ♠ /// |

* Michaels: minnst 5 í hjarta og láglit.

Austur er ekki sterkur fyrir tvílita innákomunni, en hann er utan hættu gegn á hættu, svo sögnin er alls ekki út í hött. Magnús sýnir góða spaðahækkun með 3♥ og eftir nokkar þreifingar ná þeir að stansa í 4♠.

Út kom ♦10, sem gat hæglega verið einspil frá bæjardryum Matthíasar. Hann tók því slaginn heima með ás, lagði niður ♠Á og spilaði svo tígli á kónginn. Vestur trompaði og skipti yfir í hjartaáttu. En Matthías vissi nú allt um spilið. Hann drap með ás, tók trompin af vestri, síðan laufás og stakk lauf. Sendi svo austur inn á tígul og fékk sendingu frá hjarta-drottningunni í lokin: 620 og 14 IMPar til Íslands.

12. Guadeloupe 16-14 IMPar 46-38

SVERRIR heldur því fram að hann sé óheppnasti spili Íslands. Það trúir honum ekki nokkur maður, en Sverrir á stórt safn af hrakfallasögum til að styðja við skoðun sína. Fyrsta spilið gegn Guadeloupe fer í safnið:

NORÐUR
♠ KG7
♥ D98
♦ 6
♣ Á86542

N/Enginn

VESTUR
♠ Á963
♥ KG32
♦ Á10532
♣ -

AUSTUR
♠ 84
♥ 1065
♦ KG8
♣ KD1073

SUÐUR
♠ D1052
♥ Á74
♦ D974
♣ G9

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|----------|------------|-----------|---------|
| Grenie | Aðalsteinn | Bourgeois | Sverrir |
| - | 1 ♦ * | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 2 ♠ | Pass | Pass |
| Dobl | Pass | 3 ♣ | 3 ♦ |
| Pass | 3 ♠ | Pass | Pass |
| Dobl /// | | | |

Hin grenjandi baráttugleði vesturs er aðdáunarverð og uppskeran var í samræmi við erfiðnið - fjórir niður og 800 í AV. Sverri var ekki hlátur í huga við borðið, en óneitanlega eru sagnir svölitið spaugilegar - ekki síst tígulopnun Aðalsteins. En svona er *Precision*-kerfi þeirra félaga.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|---------|---------|
| Jónas | Moers | Steinar | Mathieu |
| - | Pass | Pass | Pass |
| 1 ♦ * | Pass | 1 G | Pass |
| 2 ♦ | 3 ♣ /// | | |

Steinari leist ekki á að dobla 3♣ af ótta við að reka andstæðingana í betra fitt, en 150 fyrir þrjá niður í ódobludu spili var ekki upp í nös á ketti: 12 IMPar út.

Síðasta spilið forðaði Íslandi frá stórtapi:

| | | | |
|-----------|-----------|---------|---------|
| | NORÐUR | | |
| | ♠ G6432 | | V/Allir |
| | ♥ 864 | | |
| | ♦ ÁG105 | | |
| | ♣ 8 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ K10 | | ♠ ÁD875 | |
| ♥ Á5 | | ♥ D3 | |
| ♦ 762 | | ♦ K943 | |
| ♣ ÁK10952 | | ♣ 76 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ 9 | | |
| | ♥ KG10972 | | |
| | ♦ D8 | | |
| | ♣ DG43 | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|--------|---------|---------|
| Jónas | Moers | Steinar | Mathieu |
| 2 ♣ | Pass | 2 G * | 3 ♥ |
| 3 G /// | | | |

Suður kom út með ♥K (vel lesinn) og Steinar drap, tók ♣ÁK og sá leguna. Hann fór þá í spaðann, tók kónginn, fékk níuna frá suðri og lét tíuna svífa yfir. Spilaði svo tígli á kóng og það dugði í níu slagi. - Það má hugsa sér aðra leið til að tryggja vinning í slæmri lauflegu. Þá er tekið á laufás, ♠10 spilað á drottningu og síðan laufi á tíuna.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|------------|-----------|----------|
| Grenie | Aðalsteinn | Bourgeois | Sverrir |
| 1 ♣ | Pass | 1 ♠ | 2 ♥ |
| 3 ♣ | 4 ♥ | Dobl | Pass |
| 4 ♠ | Dobl | Pass | Pass |
| 5 ♣ | Pass | Pass | Dobl /// |

Sverrir hefði farið einn eða tvo niður í 4♥, en vestur tók út og endaði svo í 5♣ dobluðum. Út kom hjarta og sagnhafi spilaði ógætilega þegar hann tók strax ♣ÁK. Niðurstaðan varð fjórur niður, 800 til Íslands og 16 IMPar.

“Á síðasta skipsbátinum komast hann í land.”

13. K. Taipei 17-13 IMPar 25-16

ÞIG þyrstir í blóð og lætur eftir þér að dobla 3G eftir opnun makkers á veikum tveimur. Vestur:

♠ 7 ♥ Á10963 ♦ 9754 ♣ KD5

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-----------|----------|------------|--------|
| C.C. Chen | Matthías | Y. H. Chen | Magnús |
| - | Pass | 2 ♠ | 2 G |
| Pass | 3 G | Pass | Pass |
| Dobl /// | | | |

Gott og vel, en hvert er útspilið?

NORÐUR
♠ G85
♥ D42
♦ KD
♣ 97643

N/AV

VESTUR
♠ 7
♥ Á10963
♦ 9754
♣ KD5

AUSTUR
♠ KD9643
♥ 7
♦ G10832
♣ 10

SUÐUR
♠ Á102
♥ KG85
♦ Á6
♣ ÁG82

Tígull er best, en vörnin er á góðu lífi eftir spaða- eða hjartaútspil. Vestur valdi hins vegar laufkónginn! Magnús tók fagnandi á móti kóngnum með ásnum og sótti laufið til baka. Chen skipti yfir í tígul, en það var of seint: 550 í NS.

Á hinu borðinu vaki Aðalsteinn á *multi* 2♦, suður kom inn á 2G og norður lyfti í þrjú. Sverrir spilaði út ♠7. Sagnhafi tók drottningu Aðalsteins með ás, spilaði hjarta á drottningu, og svo laufi á gosann og drottningu Sverris. Nú þarf Sverrir að skipta yfir í tígul, en hann valdi að leggja niður ♥Á í þeirri von að sagnhafi hefði byrjað með ♥KGx. Og þá var spilið unnið. En 5 IMPar til Íslands eigi að síður.

14. Mórökkó 25-5 IMPar 67-15

GÓÐUR sigur á mikilvægum tímapunkti, sem tryggði Íslandi sterka stöðu í baráttunni um fjórða sæti riðilsins.

NORÐUR
♠ G93
♥ G106
♦ 9643
♣ K62

N/Enginn

VESTUR
♠ ÁK865
♥ D8
♦ KG82
♣ ÁG

AUSTUR
♠ D7
♥ K7432
♦ ÁD107
♣ 94

SUÐUR
♠ 1042
♥ Á95
♦ 5
♣ D108753

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|----------|---------|
| Magnús | Hachimi | Matthías | Berrada |
| - | Pass | 1 ♥ | Pass |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♦ | Pass |
| 3 ♣ | Pass | 3 ♠ | Pass |
| 4 ♦ | Pass | 5 ♦ | Pass |
| 6 ♦ /// | | | |

Mótherjarnir gerðu sig seka um nokkra fingurbjótta í leiknum, en hér gátu þeir

ekkert gert. Magnús og Matthías melduðu nokkuð harða slemmu, sem lá til vinnings, þrátt fyrir 4-1 legu í trompi. Suður hitti á lauf út, sem Matthías drap með ás, tók tvisvar tromp og sá leguna. Fór þá í spaðann og henti niður laufi heima. Nú þarf að gæta sín og best er að trompa lauf og spila hjartakóng. Með því móti helst lipur samgangur á milli handanna. Fleiri leiðir skila 12 slögum, en nokkrir sagnhafar fóru þó niður á slemmuni. En Matthías gerði engin mistök og fékk 12 slagi. Á hinu borðinu stönsuðu AV í 5♦ gegn Steinari og Jónasi: 11 IMPar inn.

15. Bangladesh 23-7 IMPar 66-28

AFTUR góður sigur, en hins vegar var stuð á helstu keppinautunum og Ísland var enn í 5. sæti eftir þessa umferð. Staðan á toppnum:

| | | |
|-----|--------------|-----|
| (1) | Ítalía | 289 |
| (2) | Argentína | 277 |
| (3) | Holland | 273 |
| (4) | Rússland | 271 |
| (5) | Ísland | 268 |
| (6) | Lettland | 237 |
| (7) | Skotland | 236 |
| (8) | Nýja Sjáland | 231 |

Þótt sigurinn væri stór, fékk íslenska liðið á sig stærstu ágjöfina í þessum leik.

NORÐUR
♠ ÁK3
♥ KD4
♦ KDG4
♣ D53

S/Allir

VESTUR
♠ G2
♥ ÁG832
♦ Á108763
♣ -

AUSTUR
♠ 8654
♥ 6
♦ 95
♣ ÁKG1084

SUÐUR
♠ D1097
♥ 10975
♦ 2
♣ 9762

Í opna salnum spilaði Jónas 2♠ í suður og fór tvo niður þegar vestur hitti á ♥Á út og meira hjarta. Svo sem í lagi, en...

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|----------|------------|-------|
| Sverrir | Haque | Aðalsteinn | Saha |
| - | - | - | Pass |
| 1 ♥ | Dobl | 2 ♣ | Pass |
| 5 ♦ | Dobl | 6 ♣ | Pass |
| Pass | Dobl /// | | |

Það hefði verið gaman að sjá framan í norður þegar Sverrir stökk í 5♦. En Aðalsteinn tekur þetta högg á sig:

“Ég var að fhuga hvort ég ætti að melda spaðann á fjóra hunda, en komst að þeirri gáfulegu niðurstöðu að best væri að láta það eiga sig og segja bara frá laufinu. En gleymdi því í örskotsstund að 2♣ er yfirfærsla í tígul!”

Þar er skýringin komin, en svona er bridsinn - það má engu gleyma. Sex lauf fóru 1700 niður - 18 IMPar út.

16. Skotland 25-3 IMPar 71-8

LEIKURINN við Skota var vel spilaður af okkar mönnum, auk þess sem lukku-dísirnar voru á bandi Íslands í upphafi þegar Skotar reyndu 50% slemmu sem fór niður. En í framhaldinu var unnið fyrir hverri sveiflu.

NORÐUR
♠ 7
♥ D952 S/Enginn
♦ K2
♣ DG9873

VESTUR
♠ KG84
♥ G1086
♦ 964
♣ 62

AUSTUR
♠ D652
♥ K7
♦ ÁDG1053
♣ Á

SUÐUR
♠ Á1093
♥ Á43
♦ 87
♣ K1054

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|------------|----------|
| Sverrir | Murdoch | Aðalsteinn | Piper |
| - | - | - | Pass |
| Pass | Pass | 1 ♣ | Pass |
| 1 ♦ | Pass | 2 ♦ | Pass |
| 2 ♥* | Pass | 2 ♠ | Pass |
| 4 ♠ | Pass | Pass | Dobl /// |

Sverrir og Aðalsteinn fá frið í sögnum: Aðalsteinn vekur á sterku laufi, Sverrir afmeldar, en síðan finna þeir spaðafittið og enda í 4♠, sem suður lætur eftir sér að dubla. Út kom ♣D. Sverrir spilaði spaða á kóng, svínaði tígli, aftur spaða á gosa og svo tígli í það óendanlega: Suður fékk aðeins tvo slagi á tromp og einn á ♥Á: 590 í AV.

Á hinu borðinu fundu Skotarnir ekki spaðalitinn eftir opnun suðurs á *mini*-grandi:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|----------|---------|--------|
| Gerrard | Matthías | Rae | Magnús |
| - | - | - | 1 G* |
| Pass | 2 ♦ | Dobl | 2 ♥ |
| Pass | 2 G | Dobl | 3 ♣ |
| Pass | Pass | 3 ♦ /// | |

Grandið er veikt í þessari stöðu (10-12) og 2♦ á móti getur verið eitt og annað,

en yfirfærsla í hjarta til að byrja með. En eftir 2G er Matthías að sýna veik spil með annan láglitinn.

Austur gerir sitt ítrasta til að komast inn í sagnir, doblar til að sýna tígul, doblar svo aftur 2G og segir síðan 3♦. En ekkert fær vakið vestur af værum blundi. Sagnhafi fékk níu slagi og Ísland vann 11 IMPa.

NORÐUR
♠ 10
♥ Á64 A/NS
♦ 74
♣ ÁKG8432

VESTUR
♠ DG9863
♥ 1053
♦ KG5
♣ 9

AUSTUR
♠ K52
♥ KD8
♦ ÁD108
♣ 1065

SUÐUR
♠ Á74
♥ G972
♦ 9632
♣ D7

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|------------|--------|
| Sverrir | Murdoch | Aðalsteinn | Piper |
| - | - | 1 ♦ | Pass |
| 1 ♠ | 2 ♣ | Dobl | Redobl |
| 4 ♠ /// | | | |

Sverrir og Aðalsteinn spila líka fárveikt grand á þessum hættum og því opnar Aðalsteinn á tígli. Hann stuðningsdobl- ar síðan 2♣ til að sýna þrlit í spaða og Sverrir stekkur í geim. Spilin falla saman eins og flísir og rassinn og Sverrir tók sína tíu slagi: 420 í AV. - Hitt borðið:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|----------|--------|---------|
| Gerrard | Matthías | Rae | Magnús |
| - | - | 1 G | Pass |
| 2 ♥* | 3 ♣ | Pass | 3 G /// |

Eftir grandopnun og yfirfærslu, kemur Matthías inn á 3♣, á “óflugum hættum”. Magnús sá fyrir sér þéttan sjölit og sagði óhræddur 3G. Frábært! Níu slagir, 600 í NS, og 16 IMPar inn.

17. Lettland 19-11 IMPar 50-29

HELSTU tíðindin í toppbaráttuni voru þau að Argentína tapaði 10-20 fyrir Hong Kong og féll við það niður í fimma sæti, en Holland, Rússland og Ísland voru jöfn í 2.-4. sæti!

Staðan fyrir síðustu umferð:

| | | |
|-----|-----------|-----|
| (1) | Ítalía | 297 |
| (2) | Holland | 293 |
| (3) | Rússland | 293 |
| (4) | Ísland | 293 |
| (5) | Argentína | 287 |
| (6) | Lettland | 260 |

NORÐUR
♠ K1097642
♥ DG10 N/Enginn
♦ 10
♣ 65

VESTUR
♠ D3
♥ K9842
♦ KDG8
♣ G2

AUSTUR
♠ G5
♥ 7
♦ Á32
♣ ÁKD10983

SUÐUR
♠ Á8
♥ Á653
♦ 97654
♣ 74

Í opna salnum passaði Steinar í norður og austur vakti á 5♣, sem voru spiluð, einn niður. Hinum megin opnaði norður á 3♠, Matthías sagði 4♣ og næsti 4♠, sem Magnús doblaði. Matthías kom út með einspilið í hjarta og sagnhafi lét eftir sér að svína. Magnús drap á kónginn og spilaði hjartaníu til baka til að benda á tígulinn. Matthías trompaði, tók tvo slagi á ♣ÁK, en spilaði síðan undan ♦Á og fékk aðra hjartastungu: þrjú niður og 11 IMPar inn. Þetta var fyrsta spil leiksins, en hið síðasta var líka tilþrífamikið:

NORÐUR
♠ 95
♥ D874 V/Allir
♦ D8763
♣ G3

VESTUR
♠ KG763
♥ Á105
♦ -
♣ KD972

AUSTUR
♠ ÁD10
♥ -
♦ KG10542
♣ Á1085

SUÐUR
♠ 842
♥ KG9632
♦ Á9
♣ 64

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-----------|----------|-----------|
| Magnús | Andersson | Matthías | Wenneberg |
| 1 ♠ | Pass | 2 G | 3 ♥ |
| Pass | Pass | 4 ♥ | Pass |
| 5 ♦ | Pass | 6 ♠ | Pass |
| 7 ♠ /// | | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|----------|----------|
| Matison | Steinar | Eliasson | Jónas |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♦ | Pass |
| 3 ♣ | Pass | 3 ♠ | Pass |
| 4 ♣ | Pass | 6 ♣ | Pass |
| 7 ♠ | Pass | Pass | Dobl /// |

Slemman stendur, hvað sem út kemur, en Lightner-doblið kostaði 6 IMPa.

Hollendingar unnu síðasta leikinn sinn hreint, Rússar fengu 23 stig og Ítalir 20, en Argentímumenn “aðeins” 21 stig og höfnuðu því í 5. sæti, fjórum stigum á eftir Íslandi.

DEILDAKEPPNIN

Keppnisspilarar sýndu það í verki með góðri mætingu að hin nýja **Deildakeppni BSÍ** er kærkomin viðbót við mótaflórana. Keppnin fór fram á tveimur helgum í haust, í október og nóvember, og mættu 26 sveitir til leiks. Sveitunum var skipað í þrjár deildir eftir samanlögum meistarastigum og spiluðu 8 sveitir í fyrstu og annarri deild, en 10 í þriðju deild. Sveit **Eyktar** sigraði í fyrstu deild, sveit **Landsbankans**, **Ísafirði** í annarri deild, en **Suðurnesjasveitin** varð efst í þriðju deild. Liðin voru þannig skipuð:

Fyrsta deild: Eykt

Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, Sigurður Sverrisson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Ragnar Hermannsson og Hrannar Erlingsson.

Önnur deild: Landsbankinn, Ísafirði

Arnar Geir Hinriksson, Guðmundur Þ. Gunnarsson, Þórður Sigurðsson, Vilhjálmur Þór Pálsson og Óskar Eliasson.

Þriðja deild: Suðurnesjasveitin

Kristján Örn Kristjánsson, Arnór Ragnarsson, Heiðar Sigurjónsson, Karl G. Karlsson, Gunnlaugur Sævarsson, Þröstur Þorláksson og Garðar Garðarsson.

Heildarúrslit

Fyrsta deild

| | | |
|----|-----------------------------|-----|
| 1. | Eykt | 246 |
| 2. | Skeljungur | 231 |
| 3. | Ferðaskrifstofa Vesturlands | 217 |
| 4. | Vinabær | 213 |
| 5. | Esso | 194 |
| 6. | Ómar Olgeirsson | 190 |
| 7. | Sparisjóður Siglufjarðar | 189 |
| 8. | Solvay | 167 |

Önnur deild

| | | |
|----|-------------------------|-------|
| 1. | Landsbankinn, Ísafirði | 240 |
| 2. | Guðlaugur Sveinsson | 224.5 |
| 3. | ÍAV | 221 |
| 4. | Tryggingamiðstöðin | 214 |
| 5. | Erla Sigurjónsdóttir | 201 |
| 6. | Hjördís Sigurjónsdóttir | 199 |
| 7. | Björn Friðriksson | 189 |
| 8. | Örvi | 179.5 |

Þriðja deild

| | | |
|-----|----------------------------|-----|
| 1. | Suðurnesjasveitin | 240 |
| 2. | Sölufélag Garðyrkjumanna | 225 |
| 3. | Marin ehf. | 224 |
| 4. | Jón Þ. Björnsson | 217 |
| 5. | Sveinbjörn Eyjólfsson | 206 |
| 6. | Landsbankinn | 205 |
| 7. | Sóknarbörnin | 201 |
| 8. | Stefanía Sigurbjörnsdóttir | 197 |
| 9. | Geirlaug Magnúsdóttir | 186 |
| 10. | Vinir | 182 |

Eins og vera ber, hafa úrslitin nú áhrif á deildaskiptingu næsta árs, en tvær neðstu sveitir fyrstu deildar falla í aðra deild og upp koma í staðinn tvær efstu úr annarri deild. Hið sama gildir um aðra og þriðju deild.

Einfaldur í roðinu

Ísfirðingurinn Arnar Geir Hinriksson lenti í kröppum dansi í þessu spili úr fyrstu umferð. Arnar var í suður, en Guðmundur Þ. Gunnarsson í norður:

| | | | |
|-----------|-----------|----------|-------|
| N/NS | NORÐUR | | |
| | ♠ ÁG85 | | |
| | ♥ G86 | | |
| | ♦ Á10 | | |
| | ♣ ÁD32 | | |
| Útspil ♠K | | | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ 76 | | |
| | ♥ ÁKD7543 | | |
| | ♦ D4 | | |
| | ♣ 97 | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | 1 ♠ | 2 ♠ | 4 ♥ |
| 4 ♠ | Dobl | Pass | 5 ♥ |
| Pass | Pass | Dobl /// | |

Sagnir eru eins og þær koma af kúnni - innákoma austurs lofar tígli og vestri er fúlasta alvara með fjórum spöðum.

Arnar Geir fékk út spaðakóng, lyfti sér í sætinu þegar hann sá blindan, og setti svo ásinn. En austur trompaði og spilaði hlutlaust hjarta um hæl (vestur var með).

Hvernig spila menn nú í sporum Ísfirðingsins?

Arnar Geir var ekki í vafa: Hann spilaði fyrst spaða að gosanum. Vestur tók á drotninguna og skipti yfir í tígul. Arnar Geir stakk upp ás, henti laufi í spaðagosa og rúllaði niður trompunum:

| |
|--------|
| NORÐUR |
| ♠ - |
| ♥ - |
| ♦ 10 |
| ♣ ÁD |
| SUÐUR |
| ♠ - |
| ♥ 3 |
| ♦ D |
| ♣ 9 |

Arnar Geir tók síðasta trompið, kastaði tígli úr blindum og gaut augunum glettinn í austurátt. Austur lét sér fátt um finnast og henti laufi án þess að blása úr nös. "Góður," hugsaði Arnar Geir; "en ég er líka góður." Arnar spilaði laufi á ásinn og...

| | |
|------------|-----------|
| NORÐUR | AUSTUR |
| ♠ ÁG85 | ♠ - |
| ♥ G86 | ♥ 109 |
| ♦ Á10 | ♦ KG9863 |
| ♣ ÁD32 | ♣ G10654 |
| VESTUR | SUÐUR |
| ♠ KD109432 | ♠ 76 |
| ♥ 2 | ♥ ÁKD7543 |
| ♦ 752 | ♦ D4 |
| ♣ K8 | ♣ 97 |

... gaf svo vestri þriðja slaginn á laufkóng - einn niður.

Eftir umferðina bærust fréttir af Arnari þar sem hann gekk á milli manna og harmaði ólán sitt, að austur skyldi ekki eiga laufkónginn fyrir innákomunni og doblinu í lokin. Flestir voru samúðarfullir og sögðust líka hafa spilað upp á Vínarbragðið frekar en lágkúrulega svíningu. Jón Baldursson vildi þó vita hvað Arnar hefði gert við spaðaáttuna?

"Spaðaáttuna - hvað kemur hún málinu við?" - Við skulum sjá:

| | |
|--------|--------|
| NORÐUR | AUSTUR |
| ♠ 8 | ♠ - |
| ♥ - | ♥ - |
| ♦ - | ♦ K |
| ♣ ÁD | ♣ G10 |
| VESTUR | SUÐUR |
| ♠ 10 | ♠ - |
| ♥ - | ♥ - |
| ♦ - | ♦ K |
| ♣ K8 | ♣ G10 |
| | ♠ - |
| | ♥ 3 |
| | ♦ D |
| | ♣ 9 |

Ef spaðaáttan er geymd í borði, setur hjartaþristurinn af stað tvöfalda kastþröng, þar sem báðir varnar-spilarar neyðast til að henda laufi. Ólán Arnars Geirs fólst í því að vera með laufdrotninguna, en ekki óbreyttan hund. Þá hefði spilið unnist sjálfkrafa.



Glæsileg laufslemma

Eitt glæsilegasta spil fyrri helgarinnar er þessi laufslemma úr sjöundu umferð:

| | | | |
|--------|------------|--------|-------|
| V/AV | NORÐUR | | |
| | ♠ - | | |
| | ♥ ÁK3 | | |
| | ♦ KD1094 | | |
| | ♣ ÁD852 | | |
| | Útspil ♠ Á | | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ 1063 | | |
| | ♥ G8764 | | |
| | ♦ Á2 | | |
| | ♣ G103 | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| 4 ♠ | 4 G * | Pass | 5 ♣ |
| Pass | 6 ♣ /// | | |

Víðast hvar vakti vestur á fjórum spöðum og norður ýmist doblaði eða kom inn á fjórum gröndum til að sýna tvo liti. Hækkunin í slemmu er hörð, en freistandi.

Útspilið er spáðaás, sem sagnhafi trompar, fer heim á tígulás og svínar laufgosa. Vestur fylgir með níu, en austur drepur og styttir blindan í trompi með öðrum spáða.


Hvernig viltu halda áfram?

Laufnia vesturs hefur yfirbragð einspils, sem þýðir að austur á orðið fleiri tromp en blindur. En það er ekki endilega sæmt. Ef hjartadrottningin fellur - og það verður hún að gera - má kannski skrapa saman sex rauðum slögum og víxltrompa svo afganginn.

Allt spilið:

| | | | |
|------------|----------|--------|--|
| | NORÐUR | | |
| | ♠ - | | |
| | ♥ ÁK3 | | |
| | ♦ KD1094 | | |
| | ♣ ÁD852 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ ÁKDG9852 | | ♠ 74 | |
| ♥ D5 | | ♥ 1092 | |
| ♦ 85 | | ♦ G763 | |
| ♣ 9 | | ♣ K764 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ 1063 | | |
| | ♥ G8764 | | |
| | ♦ Á2 | | |
| | ♣ G103 | | |

Og staðan sem komin er upp: (Sjá næsta dálk.)



NORÐUR
♠ -
♥ ÁK3
♦ KD109
♣ ÁD

VESTUR
♠ KDG985
♥ D5
♦ 8
♣ -

AUSTUR
♠ -
♥ 1092
♦ G76
♣ 764

SUÐUR
♠ 10
♥ G8764
♦ 2
♣ 103

Sagnhafi tekur KD í tígli og trompar tígul með þristinum heima. Spilar næst ÁK í hjarta og þriðja hjartanu á gosann þegar drottningin fellur. Staðan er þá:

| | | | |
|--------|--------|--------|--|
| | NORÐUR | | |
| | ♠ - | | |
| | ♥ - | | |
| | ♦ 10 | | |
| | ♣ ÁD | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ KDG | | ♠ - | |
| ♥ - | | ♥ - | |
| ♦ - | | ♦ - | |
| ♣ - | | ♣ 764 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ 10 | | |
| | ♥ 8 | | |
| | ♦ - | | |
| | ♣ 10 | | |

Afgangurinn kemur á víxltrompi þar sem austur verður að undirtrompa. Enginn fann þessa leið við borðið.

Fallegt bútaspil

| | | | |
|----------|------------|--------|---------|
| S/Enginn | NORÐUR | | |
| | ♠ 6 | | |
| | ♥ G3 | | |
| | ♦ D7653 | | |
| | ♣ D9865 | | |
| | Útspil ♣ Á | | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ ÁK1052 | | |
| | ♥ K10976 | | |
| | ♦ Á9 | | |
| | ♣ 2 | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | - | - | 1 ♠ |
| 1 G | Pass | Pass | 2 ♥ /// |

Vestur hefur vörnina með laufás og austur sýnir tvíspil. Vestur skiptir yfir í smátt tromp, austur drepur með ás og spilar aftur trompi. Þú velur að hleypra því og gosinn í borði á slaginn.

Hver er nú áætlunin?

Fyrstu slagirnir hafa verið upplýsandi: Austur virðist hafa byrjað með ÁDxx í trompi, sem þýðir að vestur á alla punkta þar fyrir utan. Spilið er vanda-laust ef vestur á DGx í spaða, en ef hann á fjórlit, verður einhvern veginn að forðast að gefa slag á tromp:

| | | |
|----------|--|----------|
| NORÐUR | | AUSTUR |
| ♠ 6 | | ♠ 987 |
| ♥ G3 | | ♥ ÁD85 |
| ♦ D7653 | | ♦ 10842 |
| ♣ D9865 | | ♣ 73 |
| VESTUR | | SUÐUR |
| ♠ DG43 | | ♠ ÁK1052 |
| ♥ 42 | | ♥ K10976 |
| ♦ KG | | ♦ Á9 |
| ♣ ÁKG104 | | ♣ 2 |

Gildran sem ber að varast er að trompa lauf. Þess í stað er spaða spilað strax, ÁK og þriðja spaðanum. Vestur gerir best í því að taka annan spaðaslag og spila sér út á laufkóng. Suður trompar og spilar tígulás og tígli að blindum. Vestur drepur og verður að spila laufi í þessari stöðu:

| | | |
|--------|--|--------|
| NORÐUR | | AUSTUR |
| ♠ - | | ♠ - |
| ♥ - | | ♥ D8 |
| ♦ D | | ♦ 10 |
| ♣ D9 | | ♣ - |
| VESTUR | | SUÐUR |
| ♠ - | | ♠ 10 |
| ♥ - | | ♥ K10 |
| ♦ - | | ♦ - |
| ♣ G104 | | ♣ - |

Sagnhafi lætur drottninguna í borði og austur er varnarlaus.

Sagnvandamál

| | | | |
|--------|-------------|--------|-------|
| V/NS | SUÐUR | | |
| | ♠ - | | |
| | ♥ D109 | | |
| | ♦ ÁKD109432 | | |
| | ♣ 102 | | |
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| 2 ♠ | Pass | 3 ♠ | ? |

Vestur opnar á veikum tveimur í spaða og austur lyftir hindrandi í þrjá.

Hver er sögnin?

Blátt áfram sagnir eru 4-5 tíglar, en nokkrir spilarar létu sér detta í hug að skjóta á þrjú grönd. Hugsunin var sú að makker ætti sennilega 3-5 spaða og þar með líklegt stopp. Og ef hann ætti tóma hunda, gæti hann séð af samhenginu að þrjú grönd væri ekki réttastöðin.

| | | |
|----------|--|-------------|
| NORÐUR | | AUSTUR |
| ♠ 10942 | | ♠ KDG |
| ♥ ÁK84 | | ♥ G653 |
| ♦ - | | ♦ 76 |
| ♣ D7543 | | ♣ Á986 |
| VESTUR | | SUÐUR |
| ♠ Á87653 | | ♠ - |
| ♥ 72 | | ♥ D109 |
| ♦ G85 | | ♦ ÁKD109432 |
| ♣ KG | | ♣ 102 |

Páll Þórsson og Ómar Olgeirsson melduðu þannig:

| | | | |
|--------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | Ómar | - | Páll |
| 2 ♠ | Pass | 3 ♠ | 3 G |
| Pass | 4 ♣ | Pass | 5 ♦ /// |

Virkilega snotur afgreiðsla. Ómar sá að makker gat ekki átt meira en einn spaða, svo það hlaut að vera rétt að taka út.

Fimm tíglar er mátulega sagt á spilin, en hins vegar má vinna sex á fallegan hátt ef vestur spilar út spaðaás í byrjun.

Sér lesandinn hvernig?

Suður trompar spaðaásinn og tekur alla tíglana. Austur þarf að hanga á hjarta-gosanum fjórða og hæsta spaða, svo hann hendir öllum laufunum:

| | | |
|--------|--|--------|
| NORÐUR | | AUSTUR |
| ♠ 10 | | ♠ D |
| ♥ ÁK84 | | ♥ G653 |
| ♦ - | | ♦ - |
| ♣ - | | ♣ - |
| VESTUR | | SUÐUR |
| ♠ 8 | | ♠ - |
| ♥ 72 | | ♥ D109 |
| ♦ - | | ♦ - |
| ♣ KG | | ♣ 102 |

Í þessari stöðu tekur suður hjarta-drottningu og spilar hjartaniú á á sinn. Spilar svo spaðatíu úr borði og hendir hjartatíu heima!! Austur fær slaginn á verður að spila upp K8 í hjarta.

Það þarf varla að taka það fram að þessi leið fór fyrir ofan garð og neðan hjá þeim sagnhöfum sem villtust í sex tíglar.

- GPA

EFSTU MENN Í ANNARRI OG ÞRIÐJU DEILD



Efstu menn í annarri deild: Frá vinstri: Bernódus Kristjánsson, Ingvaldur Gústafsson, Ragnar Jónsson, Arnar Geir Hinriksson, Vilhjálmur Þ. Pálsson, Óskar Eliasson, Guðmundur Þ. Gunnarsson, Þórður Sigurðsson, Sveinn R. Þorvaldsson, Guðlaugur Sveinsson, Gunnar Þórðarson og Gísli Steingrímsson.



Efstu menn í þriðju deild: Frá vinstri: Jón Jónsson, Hákon Sigmundsson, Kristján Þorsteinsson, Stefán Sveinbjörnsson, Kristján Örn Kristjánsson, Karl G. Karlsson, Arnór Ragnarsson, Heiðar Sigurjónsson, Garðar Garðarsson, Vignir Hauksson, Guðjón Sigurjónsson og Helgi Bogason.

TVÖ GRÖND VIÐ LÁGLIT = ÁSKORUN

ÍVENJULEGU Standard-kerfi er svarið á 2G við láglitaopnun áskorun í 3G. Oftast er um að ræða flata skiptingu og 11-12 punkta, án hálitar. Í kerfisbókum er ekki að finna margt um þessa stöðu, enda er svarið lýsandi og oftast auðvelt fyrir opnara að ráða í framhaldið. En ekki alltaf. Stundum er opnari sterkur og vill leita eftir slemmu án þess að fara framhjá þremur gröndum. Og hitt er líka til í dæminu að opnari vilji spila bút eða leita eftir besta geiminu. Lítum á dæmi:

Þú opnar á 1♣ með:

(1) ♠ G54 ♥ ÁK2 ♦ 6 ♣ DG8765

Vissulega geta 3G staðið, en hitt er líklegra að 3♣ sé rétti samningurinn og betri en 2G. Því viltu geta sagt 3♣ án þess að eiga það á hættu að makker haldi áfram.

(2) ♠ K76 ♥ ÁK2 ♦ 3 ♣ ÁDG865

Nú er geim öruggt, en það gæti verið betra að spila 5♣ en 3G, auk þess sem slemma er vel hugsanleg. Þetta þarf að kanna og það verður auðvitað ekki gert með því að segja 3♣ ef sú sögn er ekki krafa.

Í GREIN í *The Bridge World* (árið 2003) skrifar Henry A. Shevitz um þessa stöðu og leggur til eftirfarandi útfærslu:

OPNUN Á LAUFI

opnari svarhönd

1♣ – 2G = 11-12, jöfn skipting

3♣ = til að spila

3♦ = skipar svarhönd að segja 3♥*

3♥ = stutt hjarta

3♠ = stuttur spaði

4♣ = RKC með lauf sem tromp

* 1♣ – 2G

3♦ – 3♥

3♠ = stuttur tígull

3G = slemmuáskorun með gott lauf

Grunnhugmyndin er sú að sýna stuttlit til hliðar við góðan opnunarlit *undir* þremur gröndum. Með spilin í dæmi (2) myndi opnarinn byrja á 3♦ og segja svo 3♠ við skyldusögn makkers á 3♥. Þannig sýnir hann gott lauf og ein spil eða eyðu í tígli.

OPNUN Á TÍGLI

opnari svarhönd

1♦ – 2G = 11-12, jöfn skipting

3♣ = skipar svarhönd að segja 3♦*

3♦ = góður tígull, e.t.v. slemmuspil

3♥ = stutt hjarta

3♠ = stuttur spaði

4♣ = sterk tvíflita hönd

4♦ = RKC með tígul sem tromp

* 1♦ – 2G

3♣ – 3♦

Pass = leiðin í 3♦

3♥ = stutt lauf, hjartastyrkur

3♠ = stutt lauf, spaðastyrkur

3G = stakt mannsþil í laufi

Sama hugsun, þótt útfærslan sé sumpart önnur. Gjaldidið við þessa aðferð er það eitt að ekki verður hægt að spila þrjú lauf með flislétta opnun og láglitina, því 3♣ er krafa (og gervisögn).

DÆMI

1

OPNARI SVARHÖND

♠ G54 ♠ 1082

♥ ÁK2 ♥ DG5

♦ 6 ♦ ÁD42

♣ DG8765 ♣ K105

1♣ 2G

3♣¹⁾ Pass

(1) Til að spila.

2

OPNARI SVARHÖND

♠ K76 ♠ 1082

♥ ÁK2 ♥ DG5

♦ 3 ♦ ÁD42

♣ ÁDG865 ♣ K105

1♣ 2G

3♦¹⁾ 3♥²⁾

3♠³⁾ 3G⁴⁾

Pass⁵⁾

(1) Stuttur tígull eða slemmuáhugi með gott lauf en ekkert ein spil.

(2) Skyldusögn.

(3) Stuttur tígull.

(4) Uppástunga.

(5) OK.

3

OPNARI SVARHÖND

♠ Á53 ♠ K9

♥ 8 ♥ D62

♦ ÁDG765 ♦ K432

♣ Á93 ♣ KG54

1♦ 2G

3♥¹⁾ 3♠²⁾

4♣²⁾ 4♦²⁾

4♠²⁾ 5♣²⁾

5♦³⁾ Pass⁴⁾

(1) Stutt hjarta, e.t.v. slemmuáhugi

(2) Fyrirstöður.

(3) Útmeldaður.

(4) “Laufgosinn er góður, en...”

4

OPNARI SVARHÖND

♠ K95 ♠ ÁD2

♥ ÁK87 ♥ DG3

♦ ÁKG93 ♦ D106

♣ 5 ♣ G983

1♦ 2G

3♣¹⁾ 3♦²⁾

3♥³⁾ 3♠⁴⁾

4♥⁵⁾ 6♦⁶⁾

Pass

(1) Biður um 3♦ - á leið í tígulbút eða sýnir stutt lauf.

(2) Skyldusögn.

(3) Stutt lauf, hjartastyrkur.

(4) Fyrirstaða, opinn fyrir öðru en 3G.

(5) Fyrirstaða og slemmuleit.

(6) Áskorun tekið.

5

OPNARI SVARHÖND

♠ KD4 ♠ G102

♥ 7 ♥ ÁKG

♦ ÁKG862 ♦ D103

♣ D43 ♣ G987

1♦ 2G

3♥¹⁾ 3G

Pass

(1) Stutt hjarta.

BRIDGE.IS

SAGNKEPPNI

Keppendur eru gamalreyndir meistarar, annars vegar bræðurnir **Hrólfur** og **Oddur Hjaltasynir**, sem hafa náð hvað bestum árangri hjá Bridesfélagi Reykjavíkur undanfarin ár, og hins vegar **Karl Sigurhjártarson** og **Sævar Þorbjörns-son**, en þeir hafa nú aftur tekið upp samvinnu við græna borðið. Bræðurnir spila sérvískulegt **Precision**-kerfi, þar sem opnarnir á hálit fara niður í 9 HP og annað sagnstigið er þéttriðið fjöldjöflanet. Sævar og Karl spila **Standard** með 12-14 punkta grandí, multi og Tartan.

SPIL 1

A/Enginn

VESTUR

♠ ÁD5
♥ KG1043
♦ 84
♣ ÁK6

Karl

-
1 ♥
2 ♠ = GK
3 ♠ = fyrirstaða
4 G = RKC
6 ♥ /

Oddur

-
1 ♥
4 ♣ = tvírætt
4 ♠ = fyrirstaða
6 ♦ /

AUSTUR

♠ KG
♥ D96
♦ ÁKG963
♣ 87

Sævar

1 ♦
2 ♦
3 ♥ = ekki lágmark
4 ♣ = fyrirstaða
5 ♦ = eitt lykilspil

Hrólfur

1 ♦
3 ♦
4 ♥ = val
4 G = spaðafyrirstaða

Einhver versta byrjun í öllum kerfum er opnun á tígli og stökk opnara í næsta hring í þrjá tígla. En í kerfi bræðranna er Hrólfur með hámark, svo hann verður að hoppa í þrjá tígla. Þar með neyðist Oddur til að melda tvíræð fjögur lauf - sem sýnir annað hvort lauf eða fyrirstöðu með hjarta- eða tígulslemmu í huga. Hrólfur tekur undir hjartað (en gæti þó átt Áx) og í framhaldinu eiga þeir ekki kost á RKC og Oddur verður að giska á bestu slemmuna.

Í Standard eru spil austurs blessunarlega ekki nógu sterk í þrjá tígla og Sævar segir bara tvo. Karl krefur í geim með tveimur spöðum og Sævar sýnir þrilit í hjarta og meira en lágmark. Þar með er kúrsinn settur á sex hjörtu.

6♥=10, 6G=6, 5♥=5, 5G=5, 6♦=4, 5♦=3

Karl og Sævar: 10 stig.
Oddur og Hrólfur: 4 stig.

SPIL 2

V/AV

Vestur

♠ Á9
♥ -
♦ KDG4
♣ ÁG107654

Karl

1 ♣
2 ♣ /

Oddur

1 ♦ = ruslakista
3 ♣ /

Austur

♠ KD54
♥ D52
♦ 1075
♣ 983

Sævar

1 ♠

Hrólfur

1 ♠

Karl á í sjálfu sér nóg í tveggja tígla vendingu, en hann hélt að hann fengi annað tækifæri - og hefði kannski fengið það tækifæri við borðið, því NS eiga 10 hjörtu saman. Oddur átti hins vegar enga aðra leið en að vekja á tígli og stökkva í laufi á eftir til að sýna góða opnun og gott lauf. En ekki dugir það til að hreyfa við austri.

5♣=10, 4♣=6, 3♦=4, 5♦=4, 2G=4, 3G=3, 4♦=3, 2♠=2

Karl og Sævar: 16 stig.
Oddur og Hrólfur: 10 stig.

SPIL 3

A/NS

Vestur

♠ K5
♥ KDG
♦ 9875
♣ G873

Karl

-
1 G = 6-10 HP
3 G /

Oddur

-
1 G = 6-10 HP
2 G
4 ♥ /

Austur

♠ Á8
♥ 7542
♦ ÁKDG102
♣ 6

Sævar

1 ♦
3 ♦

Hrólfur

1 ♦
2 ♥ = vending
3 G

Austur er með slagarík spil, en á hann að melda hjartað á fjóra hunda eftir grandsvarið? Það er betri sögn en þrír tígla af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi eru sagnir á lægri nótum og í annan stað fær vestur tækifæri til að meta samleguna.

5♦=10, 4♦=6, 4♥=5, 1G=4, 2♥=4, 3♥=3, 2G=3, 3G=2

Karl og Sævar: 18 stig.
Oddur og Hrólfur: 15 stig.

SPIL 4

V/Allir

Vestur

♠ ÁK3
♥ 1087652
♦ Á9
♣ ÁD

Karl

1 ♥
2 G
4 G = RKC
6 ♥ /

Oddur

1 ♣ = 16+
2 ♥
4 ♣ = fyrirstaða
4 ♥
5 ♦ = fyrirstaða
6 ♥ /

Austur

♠ D
♥ ÁG9
♦ KDG105
♣ KG43

Sævar

2 ♦
3 ♥ = stlemmuáhugi
5 ♦

Hrólfur

2 ♦
3 ♠ = splinter
4 ♦ = fyrirstaða
5 ♣ = fyrirstaða
6 ♦

Um leið og hjartasamlegan finnst er erfitt að stýra sögnum í annan farveg. Sævar tekur undir hjartað á þriðja þrepi og Karl spyr um lykilspil. Hrólfur "flísar" með þremur spöðum og þá er hjartaliturinn endanlega valinn sem tromp. En hér er kúnstin sú að stýra sögnum fram hjá hjartanu og velja gröndin út á alhliða styrk.

7G=10, 7♦=9, 6G=6, 7♣=5, 6♦=5, 6♥=4, 6♠=4, geim=1

Karl og Sævar: 22 stig.
Oddur og Hrólfur: 19 stig.

SPIL 5

A/NS

Vestur

♠ 6
♥ Á1072
♦ K6
♣ KDG1074

Karl

-
2 ♣
4 ♣ = RKC
6 ♣ /

Oddur

-
2 ♣
3 ♠ = splinter
4 ♦
6 ♣ /

Austur

♠ D10
♥ K643
♦ ÁD1095
♣ Á3

Sævar

1 ♦
2 ♥ = ójöfn skipting
4 ♠ = tvö lykilspil

Hrólfur

1 ♦
2 ♥ = ójöfn skipting
4 ♣
4 ♥

Báðum þörum tekst að sneiða framhjá hjartahættunni, en það má alls ekki spila slemmu í hjarta, þrátt fyrir 4-4 samlegu.

Karl Sigurhjártarson & Sævar Þorbjörnsson

Hrólfur Hjaltason & Oddur Hjaltason

Endursögn austurs á tveimur hjórt-
um sýnir ójafna skiptingu hjá báðum
pörum, en vestur lætur ekki freistast.
Stökk Karls í fjögur lauf er spurning um
lykilspil með lauf sem tromp og Karl
keyrir í laufslemmu þegar Sævar sýnir
tvo ása. Oddur samþykkir hjartað til að
byrja með (splinter), en stingur svo upp
á sex laufum á síðari stigum og Hrólfur
hefur enga ástæðu til að hafna þeirri
tillögu. Góð afgreiðsla.

6♣=10, 5♠=6, 4♥=6, 6♦=6, 5♥=4, 5♦=4,
6♥=2

Karl og Sævar: 32 stig.
Oddur og Hrólfur: 29 stig.

SPIL 6

V/Enginn

Vestur
♠ KD10842
♥ 72
♦ K954
♣ G

Austur
♠ Á75
♥ ÁKD6
♦ Á6
♣ D973

Karl
2 ♦ = multi
3 ♦ = spaði, HM
4 ♣ = stutt lauf
5 ♦ = fyrirstaða

Sævar
2 G = spurning
3 ♠ = GK
4 ♦ = fyrirstaða
6 ♠ /

Oddur

Hrólfur

Pass
1 ♠
2 ♣ = 0-2 kontról
3 ♦
3 ♠
4 ♠ /

1 ♣ = 16+ HP
1 G = sp. um kontról
2 G = biðsögn
3 ♥
3 G

Karl og Sævar leysa spilið ágætlega
eftir opnun á multi. Sævar spyr um eðli
opnunarinnar, Karl sýnir hámark með
spaða, síðan stutt lauf og loks tígulkóng.
Vel gert.

Oddur má ekki opna á veikum tveimur
í kerfi bræðranna og passar því. Hann
sýnir spaða við sterkri laufopnun, síðan
0-2 kontról og tígullit í kjölfarið, en
óvissa um sjötta spaðann verður til þess
að slemmuleitin koðnar niður.

6♠=10, 5♠=6, 4G=6, 5G=4, 7♠=1

Karl og Sævar: 42 stig.
Oddur og Hrólfur: 35 stig.

SPIL 7

A/NS

Vestur
♠ 6
♥ K107
♦ DG53
♣ KD952

Austur
♠ G7
♥ Á852
♦ ÁK6
♣ Á863

Karl

Sævar

-
2 ♣ = krafa
3 ♦
4 ♥

1 ♣
2 G = 15-17
3 ♥
5 ♣ /

Oddur

Hrólfur

-
1 ♥
4 ♥ /

1 ♦
2 ♥ = 14-17

Hættan er sú að lenda í þremur grónd-
um ef austur vekur á sterku grand. En
hér eru bæði pör með veikt grand og
tekst að sneiða hjá grandgildrunni. Karl
krefur einn hring með tveimur laufum og
Sævar sýnir 15-17 punkta með tveimur
gróndum. Eftir þreifingar finna þeir
síðan besta geimið.

Oddur velur að svara á hjarta á þrí-
litum, því tvö lauf væri geimkrafa.
Hækkun Hrólfis lofar góðum spilum og
Oddur veður í geimið á 4-3 fittið. Hann
hefði getað kannað spilið betur með
tveimur gróndum, en óvíst er að þeir
hefðu fundið lauffittið.

5♠=10, 4♥=8, 5♦=7, 4♣=6, 3♥=6, 4♦=5,
1G=4, 2G=2

Karl og Sævar: 52 stig.
Oddur og Hrólfur: 43 stig.

SPIL 8

V/AV

Vestur
♠ D54
♥ D107
♦ Á109
♣ ÁD64

Austur
♠ ÁKG
♥ KG63
♦ D5
♣ KG93

Karl

Sævar

1 G
4 G /

3 ♣ = Baron

Oddur

Hrólfur

1 G
2 ♦
3 G /

2 ♣ = Stayman
2 ♠ = spurning

Veika grandíð stendur sig vel hér: Sævar
stekkur í þrjú lauf til að sýna slemmu-
áhuga og biður makker um leið að lýsa
spilunum. Framhaldið var ekki rætt í
smáatriðum, en Karl taldi augljóst að
stökk í fjögur grónd sýndi hámkark með
3334 skiptingu.

Eftir nokkra yfirlegu komst Sævar að
sömu niðurstöðu. - Hrólfur spurði fyrst
um hálti, síðan um skiptingu og fékk
hana upp með þremur gróndum.

5G=10, 5♠=9, 4♥=9, 5♥=6, bútar=5, 6♠=3,
6G=3, 6♥=2

Karl og Sævar: 62 stig.
Oddur og Hrólfur: 53 stig.

SPIL 9

A/AV

Vestur
♠ G85
♥ 6
♦ 743
♣ KDG872

Austur
♠ ÁK
♥ K109873
♦ ÁK96
♣ 4

Karl

Sævar

-
1 G = krafa
3 ♣ = 0-8 HP
3 G /

1 ♥
2 ♣ = tvírett
3 ♦

Oddur

Hrólfur

-
2 ♣ = 8 HP
3 ♣
3 G /

1 ♣ = 16 HP
2 ♥
3 ♦

Hér missa bæði pör af góðu tækifæri.
Karl og Sævar nota "sænsku nornina",
en það þýðir að tvö lauf er tvírett sögn.
Svarið á þremur laufum sýnir kerfis-
bundið laufflit og einspil í hjarta með
undir 9 HP. Sævar hefði átt að passa,
en klikkaði á kerfinu. - Oddur valdi að
svara jákvætt á 7 HP og þar með var
geim ekki umflúið.

3♠=10, 2♥=9, 4♣=6, 3♥=6, 2♦=6, 3♦=5,
2G=3, 3G=2, 4♥=1

Karl og Sævar: 64 stig.
Oddur og Hrólfur: 55 stig.

SPIL 10

V/Allir

Vestur
♠ D743
♥ Á6
♦ KD64
♣ 876

Austur
♠ 5
♥ KDG1072
♦ ÁG93
♣ Á4

Karl

Sævar

Oddur
Pass
1 ♠
4 ♥ /

Hrólfur
1 ♥
3 ♥

Stutt og laggott.

6♦=10, 5♥=7, 5♦=6, 3G=4, 6♥=1

Karl og Sævar: 71 stig.
Oddur og Hrólfur: 62 stig.

HVAÐ HEFÐIR ÞÚ SAGT?

Bandaríska bríðsambandið hélt víðamikla landsliðskeppni sl. vor, þar sem lið voru valin á komandi mót. Keppnin stóð yfir í tæpar tvær vikur og var með flóknu sniði. Níttján sveitir tóku þátt, en þar af höfðu 5 sveitir áður unnið sér rétt í innanlandsmótum til að koma beint inn í 8-liða úrslit. Hinar 14 sveitirnar spíluðu langa undankeppni um hin þrjú sætin.

Liðskipan í átta liða úrslitum

Þær 5 sveitir sem gengu beint inn í 8-liða úrslit voru þessar:

BRACHMAN

Malcom Brachman, Mike Passel, Eddie Wold, Eric Greco, Geoff Hampson.

NICKELL

Nick Nickell, Dick Freeman, Jeff Meckstroth, Eric Rodwell, Paul Soloway, Bob Hamman.

MELTZER

Ros Meltzer, Kyle Larsen, Alan Sontag, Peter Weichsel, Lew Stansby, Chip Martel.

SCHWARTZ

Richard Schwartz, Mike Becker, Steve Robinson, Peter Boyd, Larry Cohen, David Berkowitz.

WELLAND

Roy Welland, Björn Fallenius, Zia Mahmood, Michael Rosenberg.

Fjórtnán sveitir kepptu um hin sætin þrjú, og sigurvegararnir voru:

ONSTOTT

John Onstott, Garey Hayden, Mark Lair, Chris Compton, Bart Bramley.

WEED

Charlie Weed (npc), Jimmy Cayne, Bobby Levin, Steve Weinstein, Michael Seamon, Bobby Wolff, Sidney Lazard.

EKEBLAD

Ross Ekeblad, Ron Rubin, Fred Gitelman, Brad Moss, Sam Lev, Mark Molson.

Átta liða úrslitin eru án efa eitt sterkasta mót sem fram fer og því er mikill fengur í því fyrir bríðsá hugamenn um allan heim að geta fylgst með þessum leikjum á Netinu á vefsetrinu Bridgebase.com. Þar var hvert einstakt spil skrásett, bæði sagnir og spilamennska.

Í þessari grein verður farið yfir valin spil úrslitaleiksins, sem var á milli heimsmeistara Nicks Nickells og sveitar Roys Wellands.

Bandaríska landsliðskeppnin

FJÓRÐUNGSÚRSLIT

| | | | |
|---------|-----|----------|-----|
| Ekeblad | 259 | Brachman | 190 |
| Welland | 243 | Schwartz | 90 |
| Meltzer | 269 | Onstott | 226 |
| Nickell | 237 | Weed | 163 |

UNDANÚRSLIT

| | | | |
|---------|-----|---------|-----|
| Welland | 273 | Ekeblad | 189 |
| Nickell | 254 | Meltzer | 248 |

ÚRSLIT

| | | | |
|---------|-----|---------|-----|
| Nickell | 293 | Welland | 193 |
|---------|-----|---------|-----|

Nickell og félagar komust í hann krappan í undanúrslitum gegn Meltzer þar sem þeir voru verulega undir fyrir síðustu lotuna. En þessir menn hafa níu líf eins og kötturinn og síðustu lotuna unnu þeir stórt og leikinn með 6 IMPa mun.

Og úrslitaleikurinn var engin einstefna, þrátt fyrir mikinn mun í lokin, því lengi framan af leiddi Welland og virtist vera með leikinn í höndum sér. En kötturinn lætur ekki að sér hæða.

Nickell-sveitin gaf Welland eftir réttinn til að keppa á Ólympíumótinu í Ístanbul, en verður fyrsta sveit Bandaríkjanna í keppninni um Bermúdaskálina í Portúgal næsta haust. Eins og menn muna (og lesa má um annars staðar í þessu blaði), þá féll Welland-sveitin út í 16-liða úrslitum ÓL gegn ítölsku meisturunum í Lavazza-sveitinni.

NICKELL - WELLAND

Skoðuð verða 10 spil frá úrslitaleiknum, fyrst frá sjónarhorni sagna. Fyrir hvert spil fær lesandinn uppgefna sagnstöðu þar sem hann er beðinn um að taka afstöðu. Síðan les hann áfram og skoðar hvað gerist við borðin tvö og hvaða afleiðingar eigin ákvörðun hefði haft. Góða skemmtun.

(1) N/Enginn. Þú ert í **VESTUR**.

♠ DG2 ♥ 105 ♦ K7 ♣ DG10854

| | | | |
|--------|--------|--------|-------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | Pass | Pass | 1 ♦ |
| ??? | | | |

Hver er sögnin?

| | | |
|-----------|--------|-----------|
| (1) | NORÐUR | |
| | ♠ 5 | |
| | ♥ Á974 | N/Enginn |
| | ♦ 9532 | |
| | ♣ K763 | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ DG2 | | ♠ 1097643 |
| ♥ 105 | | ♥ KG3 |
| ♦ K7 | | ♦ G108 |
| ♣ DG10854 | | ♣ 9 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ ÁK8 | |
| | ♥ D862 | |
| | ♦ ÁD64 | |
| | ♣ Á2 | |

Opinn salur.

| | | | |
|--------|-----------|---------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Hamman | Rosenberg | Soloway | Zia |
| - | Pass | Pass | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | Pass | 4 ♥ /// |

Greið leið í sjálfsagðan samning. Laufnían kom út, sem Rosenberg tók með ás og spilaði hjarta á ásinn og hjarta að drottningunni. Austur drap og skipti yfir í tígulgosa. Rosenberg tók með ás, tók síðasta trompið, fór inn í borð á laufkóng og spilaði tígli á drottninguna. Hann gaf þannig tvo slagi á tígul og einn á tromp: +420.

Lokaður salur.

| | | | |
|---------|---------|-----------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Welland | Nickell | Fallenius | Freeman |
| - | Pass | Pass | 1 ♦ |
| 3 ♣ | 3 ♦ | Pass | 3 G /// |

Sú ákvörðun Wellands að stökkva í þrjú lauf varð til þess að NS fundu ekki samleguna í hjarta. Nickell á ekki nóg í neikvætt dobl og lætur nægja að styðja tígulinn. Og Freeman getur ekkert sagt annað en þrjú grönd.

Þrjú grönd er veikt geim, ekki síst eftir að Welland hitti á að spila út spaðadrottningu. En Freeman fann vinningsleið. Hann tók fyrsta slaginn með kóng og spilaði hjartaás og hjarta. Fallenius drap og spilaði spaða. Freeman dúkkaði og fékk næsta slag á spaðaás. Hann tók tvo slagi á hjarta og vestur henti tveimur laufum. Nú kemur sterklega til greina að svína tíguldrottningu, en Freeman las rétt í skiptinguna og fór aðra leið. Hann tók tvo efstu í laufi og sendi Welland inn á lauf. Welland gat tekið þar tvo slagi, en varð svo að spila upp í ♦ÁD. Níu slagir og aðeins 1 IMPi til Wellands.

(2) S/AV. Þú ert í **SUÐUR**.

♠ 6 ♥ 65 ♦ G107632 ♣ ÁK85

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-------------------|--------|--------|-------|
| - | - | - | Pass |
| 1 ♠ ¹⁾ | Pass | 2 ♥ | Dobl |
| Pass | 2 ♠ | Pass | ??? |

(1) Fjórliur+.

Hver er sögnin?

Hér er eitt og annað sem vert er að íhuga. Til dæmis: Hver er munurinn á því að dóbbla 2♥ með suðurspilin og segja 2G. Báðar sagnir sýna augljóslega láglitina, en ættu að gefa eitthvað til kynna um litarlengd. Þegar tvær úttektarsagnir koma til greina nota sumir þá reglu að ódýrari sögnin sýni jafna liti eða lengri lægri lit, en dýrari sögnin tryggji alltaf að hærri liturinn sé lengri. Suður fylgir greinilega ekki þessari reglu.

En þá er það aðalmálið - hvað meinar makker með 2♠? Er það krafa með góð spil eða spaðaliturf?

(2) **NORÐUR**
 ♠ KD10985
 ♥ 10974 S/AV
 ♦ Á
 ♣ D3

VESTUR
 ♠ ÁG72
 ♥ K
 ♦ K95
 ♣ G7642

AUSTUR
 ♠ 43
 ♥ ÁDG832
 ♦ D84
 ♣ 109

SUÐUR
 ♠ 6
 ♥ 65
 ♦ G107632
 ♣ ÁK85

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|-----------|---------|---------|
| Hamman | Rosenberg | Soloway | Zia |
| - | - | - | Pass |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♥ | Dobl |
| Pass | 2 ♠ | Pass | 3 ♦ /// |

Við sjáum hvað Rosenberg hafði í huga, en Zia var á öðru máli og breytti í 3♦. Hann fór tvo niður þar - mínus 200 - sem er dýrt spaug þegar 2♠ vinnast auðveldlega.

Á hinu borðinu spiluðu AV 3♥ og fóru einn niður: 7 IMPar til Nickells.



Michael Rosenberg

(3) A/AV. Þú ert í **NORÐUR**.

♠ 54 ♥ KD106 ♦ Á9543 ♣ G4

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-------------------|--------|--------|-------|
| - | - | Pass | Pass |
| 1 ♣ ¹⁾ | ??? | | |

(1) Sterkt lauf, 16+ HP.

Hver er sögnin?

(3) **NORÐUR**
 ♠ 54
 ♥ KD106 A/AV
 ♦ Á9543
 ♣ G4

VESTUR
 ♠ ÁKDG107
 ♥ Á
 ♦ K82
 ♣ K102

AUSTUR
 ♠ 98
 ♥ 32
 ♦ DG106
 ♣ ÁD853

SUÐUR
 ♠ 632
 ♥ G98754
 ♦ 7
 ♣ 976

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-------------------|-----------|-------------------|-------|
| Hamman | Rosenberg | Soloway | Zia |
| - | - | Pass | Pass |
| 1 ♣ ¹⁾ | 1 ♥ | 2 ♣ | 4 ♥ |
| 4 G ²⁾ | Pass | 5 ♦ ³⁾ | 5 ♥ |
| 6 ♠ /// | | | |

(1) 16+ (2) RKC (3) eitt lykilspil

Michael Rosenberg stóð sig vel í þessu spili. Til að byrja með valdi hann að stinga inn hjartasögn á fjórliutinn, sennilega fyrst og fremst til að benda á útspil. En sagnir hafa stundum ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Hér hittir hann á sex-spila stuðning hjá makker og Zia berst sjálfur upp á fimmta þrep.

Sex spaðar er góð slemma, sem vinnst auðveldlega með hjartakóngnum út. En Rosenberg taldi ósennilegt að vörnin ætti slag á hjarta og spilaði út tígulás og meiri tígli, sem Zia trompaði. Einn niður og 17 IMPar til sveitar Wellands. Slemma var líka sögð í hinum salnum, en þar blönduðu NS sér ekkert í sagnir og norður kom út með hjartakóng.

(4) N/AV. Þú ert í **VESTUR**.

♠ 6 ♥ 952 ♦ 1052 ♣ ÁK9862

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|-------------------|--------|--------------------|
| - | 2 ♦ ¹⁾ | Dobl | Pass ²⁾ |
| ??? | | | |

(1) Veikur multi. (2) Lofar ekki tígli, krafa.

Hver er sögnin?

(4) **NORÐUR**
 ♠ 73
 ♥ DG1086 N/AV
 ♦ D7
 ♣ G1053

VESTUR
 ♠ 6
 ♥ 952
 ♦ 1052
 ♣ ÁK9862

AUSTUR
 ♠ Á954
 ♥ Á743
 ♦ ÁKG83
 ♣ -

SUÐUR
 ♠ KDG1082
 ♥ K
 ♦ 964
 ♣ D74

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-------------------|---------|--------------------|
| Hamman | Rosenberg | Soloway | Zia |
| - | 2 ♦ ¹⁾ | Dobl | Pass ²⁾ |
| Pass | 2 ♥ | 3 ♦ | 3 ♠ |
| 5 ♣ /// | | | |

(1) veikur multi (2) krafa

Almennt er gott að fá það upp á borðið hvorn hálitinn *multi*-maðurinn er með, og á þeim forsendum passar Hamman tvo tígla og bíður eftir að Rosenberg upplýsi litinn. En sagnir þróast illa fyrir Hamman og hann neyðist til að taka einhliða ákvörðun yfir 3♠. Lærdómurinn er kannski sá að það sé betra að lýsa spilunum strax. Hér er væntanlega um Lebensohl-stöðu að ræða, svo 3♣ beint ættu að sýna geimáhuga. Austur myndi segja 3♦ við því og vestur gæti lyft í 4♦.

Hamman fór tvo niður á 5♣ (-200), sem kostaði 8 IMPa, því Fallenius og Welland stönsuðu í 4♦, sem unnust slétt:

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-------------------|---------|-----------|---------|
| Welland | Nickell | Fallenius | Freeman |
| - | Pass | 1 ♦ | 2 ♠ |
| 2 G ¹⁾ | Pass | 3 ♥ | Pass |
| 4 ♦ /// | | | |

(1) yfirfærsla í lauf

Þrjú grönd vinnast úr því ♦D kemur niður önnur, en það verður að teljast góð afgreiðsla í stöðunni að stansa í tígulbút.

(5) V/Allir. Þú ert í **SUÐUR**.

♠ K3 ♥ G94 ♦ G753 ♣ K1075

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------------------|-------|
| 1 ♦ | 1 ♠ | Dobl ¹⁾ | ??? |

(1) Neikvætt.

Hver er sögnin?

(Sjá næstu blaðsíðu.)

(5) NORDUR
 ♠ Á9652
 ♥ K1086 V/Allir
 ♦ 9
 ♣ D84

VESTUR
 ♠ D87
 ♥ 72
 ♦ ÁKD842
 ♣ 32

AUSTUR
 ♠ G104
 ♥ ÁD53
 ♦ 106
 ♣ ÁG96

SUÐUR
 ♠ K3
 ♥ G94
 ♦ G753
 ♣ K1075

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-----------|------------|-------|
| Rodwell | Rosenberg | Meckstroth | Zia |
| 1 ♦ | 1 ♠ | Dobl | 1 G |
| Pass | Pass | Dobl /// | |

Zia á það til að taka óþarfa áhættu í sögnum, og hér fær hann að kenna á því. Hann á full lítill spil til að melda grand, þó svo að makker sé á hættunni og eigi því stundum betri innákómu. Vörnin var miskunnarlaus: Rodwell kom út með ♦D og Meckstroth henti tíunni undir. Hjarta kom um hæl, sem austur átti á drottninguna og prófaði nú spaða. Zia tók með kóng og spilaði hjarta. Meckstroth dúkkaði einu sinni, tók næst á ásinn og spilaði tígli. Þrír niður og 800 í AV.

AV geta unnið 3G með því að hitta á tígulinn (tían á ás og svo svíning fyrir gosann), en Welland og Fallenius leist ekki á geimið:

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|--------|-----------|---------|
| Welland | Hamman | Fallenius | Soloway |
| 1 ♦ | 1 ♠ | Dobl | Redobl |
| 2 ♦ | Pass | 2 ♠ | Pass |
| 3 ♦ /// | | | |

Redobl í þessari stöðu er ýmist notað til að sýna háspil í spaða (oftast annað), eða 7-9 punkta án stuðnings við lit makkers. Hvort heldur Soloway meinti, þá ríma spilin við báðar aðferðir. Það er annars athyglisvert hvað redoblið er hættulaust í samanburði við grandsögnina.

(6) A/AV. Þú ert í **SUÐUR**.

♠ ÁKDG109 ♥ - ♦ G102 ♣ K963

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|-------------------|--------|-------|
| - | - | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 1 G ¹⁾ | Pass | ??? |

(1) Kröfugrand.

Hver er sögnin?

(6) NORDUR
 ♠ 3
 ♥ G107 A/AV
 ♦ K9873
 ♣ D742

VESTUR
 ♠ 754
 ♥ ÁK632
 ♦ ÁD6
 ♣ 108

AUSTUR
 ♠ 862
 ♥ D9854
 ♦ 54
 ♣ ÁG5

SUÐUR
 ♠ ÁKDG109
 ♥ -
 ♦ G102
 ♣ K963

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-----------|------------|---------|
| Rodwell | Fallenius | Meckstroth | Welland |
| - | - | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 1 G | Pass | 4 ♠ /// |

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|-----------|---------|
| Zia | Nickell | Rosenberg | Freeman |
| - | - | Pass | 1 ♠ |
| Pass | 1 G | Pass | 2 ♠ /// |



Roy Welland

Þeir Welland og Freeman litu misjöfnum augum á silfrið, en í þetta sinn reyndist hin jákvæða sýn Wellands betur, því 10 slagir eru auðsóttir með tíguldrottningu rétttri. En það er vafasamt að draga af miklar ályktanir af þessu eina spili um rétt og rangt - hér er það litla sem norður er með á réttum stað, en ef styrkurinn væri í hjarta er hætt við að 4♠ ættu sér litla von. Hitt er hins vegar lærdómsríkt að hvorugur skyldi segja 3♠, sem er sú sögn sem kemst næst því að lýsa slagkrafti spilanna. Skýringin liggur í hjartaeyðunni - enginn veit hvers virði hún raunverulega er og því er kannski betra að taka einbeitta ákvörðun á annan hvorn veginn (alla vega er ljóst að norður myndi ekki hækka 3♠ í fjóra).

(7) V/Allir. Þú ert í **SUÐUR**.

♠ KD3 ♥ ÁKD7532 ♦ K96 ♣ -

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| 1 ♠ | Pass | 2 ♠ | ??? |

Hver er sögnin?



Zia Mahmood

(7) NORDUR
 ♠ 42
 ♥ G84 V/Allir
 ♦ 104
 ♣ KD7642

VESTUR
 ♠ ÁG986
 ♥ 1096
 ♦ Á7
 ♣ ÁG10

AUSTUR
 ♠ 1075
 ♥ -
 ♦ DG8532
 ♣ 9853

SUÐUR
 ♠ KD3
 ♥ ÁKD7532
 ♦ K96
 ♣ -

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-----------|---------|---------|
| Freeman | Rosenberg | Nickell | Zia |
| 1 ♠ | Pass | 2 ♠ | Dobl |
| RD | 3 ♣ | Pass | 4 ♥ /// |

Suður þarf ekki mikið frá makker til að slemma sé góð, svo það er betra að dubla fyrst 2♠ og sjá hvernig málin þróast. Zia fer þá leiðina og lýkur svo sögnum í 4♥.

Freeman kom út með ♥10. *Hvernig er best að spila?*

Zia tók slaginn heima og spilaði ♠K. Freeman drap og trompaði aftur út. Átta blinds fékk þann slag og Zia prófaði næst ♣K. Austur lét ♣5 (*hátt-lágt=jöfn tala*) og Zia trompaði. Tók svo ♠D og stakk spaða. Þá kom ♦4 úr borði - gosi, kóngur og ás. Vestur spilaði aftur tígli á drottningu austurs og fékk fjórða slag varnarinnar á tígulstungu.

Zia var full fljótfær þegar hann lagði á tígulgosann - ef hann dúkkar og spilar næst tígli í bláinn, fellur ásinn annar í vestur. Skipting vesturs ætti ekki að koma á óvart: það er vitað um 5-3 í hálitunum og lauffylgjurnar (fimman og tían) hefðu átt að vísa Zia réttu leiðina.

Meckstroth fór líka einn niður á hinu borðinu eftir tromp út. Þar gengu sagnir:

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|-----------|------------|
| Welland | Rodwell | Fallenius | Meckstroth |
| 1 G | Pass | 2 G* | 4 ♥ /// |

* yfirfærsla í tígul

Meckstroth tók tvisvar tromp og reyndi svo trompsvíningu fyrir laufásinn. Hann fékk á sig þriðja trompið og átti sér ekki viðreisnar von eftir það.

(8) N/Allir. Þú ert í **SUÐUR**.

♠ Á ♥ 64 ♦ ÁKD1052 ♣ D1042

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|-------------------|-------|
| - | Pass | Pass | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | 2 ♦ ¹⁾ | ??? |

(1) Úttekt í svörtu litina.

Hver er sögnin?

Hvort sem kerfið er *Standard* eða *Precision* verður suður að koma því strax á framfæri að hann sé með góðan og langan tígullit. Er það gert með doblu eða fjálsri þriggja tígla sögn?

| | | | |
|----------|-----------|---------|---------|
| (8) | NORÐUR | | N/Allir |
| | ♠ 85 | | |
| | ♥ Á752 | | |
| | ♦ G984 | | |
| | ♣ ÁG7 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ G10743 | | ♠ KD962 | |
| ♥ KD108 | | ♥ G93 | |
| ♦ 763 | | ♦ - | |
| ♣ 9 | | ♣ K8653 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ Á | | |
| | ♥ 64 | | |
| | ♦ ÁKD1052 | | |
| | ♣ D1042 | | |

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|-----------|------------|-------|
| Rodwell | Rosenberg | Meckstroth | Zia |
| - | Pass | Pass | 1 ♦ |
| Pass | 1 ♥ | 2 ♦ | Dobl |
| 3 ♠ | Dobl * | Pass | 3 G |
| 4 ♠ | Dobl /// | | |

Hvað hefði gerst ef suður hefði sagt 3♦ beint við 2♦? Norður hefði þá fyrir eða síðar sagt 5♦ við 4♠. Dobl Zia leiðir asnann í herbúðirnar - Rosenberg býst við meiri vörn og minni skiptingu. Dobl Rosenbergs á 3♠ er "spiladobl", en lofar engu í spaða (og því reynir Zia 3G), en síðara doblíð er sekt.

Fjórir spaðar unnust slétt og Rodwell fær klapp á bakið fyrir góðan póker, að segja aðeins 3♠ fyrst. Á hinu borðinu vakti Fallenius í austur á 2♠, Tartan:

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|-----------|---------|
| Welland | Hamman | Fallenius | Soloway |
| - | Pass | 2 ♠ | 3 ♦ |
| 4 ♠ | 5 ♦ /// | | |

Út kom einspilið í laufi, en Soloway tók með ás og lagði upp á ellefu slagi. Slétt unnið og 16 IMPar til Nickells.

(9) S/NS. Þú ert í **VESTUR**.

♠ 95 ♥ KG94 ♦ KD84 ♣ 963

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| - | - | - | 1 ♥ |
| Pass | 1 ♠ | Dobl | 2 ♥ |
| Pass | 4 ♥ | Pass | Pass |
| ??? | | | |

Hver er sögnin?

Makker er búinn að opnunardobla og þú átt KG94 í trompi á eftir sagnhafa og hjón í hliðarlit! Dobl! Þú ert maður en ekki mús.

| | | | |
|--------|-----------|----------|------|
| (9) | NORÐUR | | S/NS |
| | ♠ KG10876 | | |
| | ♥ 1082 | | |
| | ♦ 9 | | |
| | ♣ Á85 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ 95 | | ♠ D432 | |
| ♥ KG94 | | ♥ - | |
| ♦ KD84 | | ♦ ÁG75 | |
| ♣ 963 | | ♣ G10742 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ Á | | |
| | ♥ ÁD7653 | | |
| | ♦ 10632 | | |
| | ♣ KD | | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-----------|------------|--------|---------|
| Rosenberg | Meckstroth | Zia | Rodwell |
| - | - | - | 1 ♥ |
| Pass | 1 ♠ | Dobl | 2 ♥ |
| Pass | 4 ♥ | Pass | Pass |
| Dobl /// | | | |

Eftir vill er málið ekki svo einfalt. Mót-herjarnir telja sig eiga styrk í geim, án þess þó að vera með sérlega gott fitt. Svo kannski að "opnunardobl" makkers sé byggt á öðru en punktum. Sú ályktun ætti að vera einföld ef makker er Zia Mahmood. En Rosenberg barði hausnum við steininn og doblaði 4♥. Rodwell þakkaði sig þannig:

Út kom ♦K, sem Zia yfirdrap og skipti yfir í ♣G. Rodwell tók með kóng, lagði niður ♠Á og trompaði tígul. Trompaði spaða, tók ♣D og stakk tígul. Henti svo tígli í ♣Á og spilaði ♠K. Rosenberg trompaði og spilaði tígli, en Rodwell stakk það í borði (og undirtrompaði heima), spilaði tígli úr borði og trompaði smátt. Rosenberg yfirtrompaði, en varð að spila frá K9 í hjarta upp í ÁD í tveggja spila endastöðu: 10 slagir og 790 í NS.

Á hinu borðinu fór suður einn niður á 4♥, ódobludum, með því að leggja niður hjartaás snemma spils.

(10) V/Allir. Þú ert í **NORÐUR**.

♠ D109 ♥ 965 ♦ 105 ♣ ÁK643

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| Pass | Pass | 3 ♦ | Dobl |
| Pass | ??? | | |

Hver er sögnin?

| | | | |
|--------|----------|----------|---------|
| (10) | NORÐUR | | V/Allir |
| | ♠ D109 | | |
| | ♥ 965 | | |
| | ♦ 105 | | |
| | ♣ ÁK643 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ G83 | | ♠ 5 | |
| ♥ ÁG83 | | ♥ 72 | |
| ♦ 873 | | ♦ KDG962 | |
| ♣ D98 | | ♣ G1072 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ ÁK7642 | | |
| | ♥ KD104 | | |
| | ♦ Á4 | | |
| | ♣ 5 | | |

Opinn salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---------|---------|--------|-----------|
| Soloway | Zia | Hamman | Rosenberg |
| Pass | Pass | 3 ♦ | Dobl |
| Pass | 4 ♦ | Pass | 5 ♦ |
| Pass | 6 ♣ | Pass | 6 ♦ |
| Pass | 6 ♠ /// | | |

Lokaður salur.

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|-----------|------------|---------|---------|
| Fallenius | Meckstroth | Welland | Rodwell |
| Pass | Pass | 3 ♦ | Dobl |
| Pass | 4 ♣ | Pass | 4 ♠ /// |

Zia er samur við sig. Honum finnst full dauft að segja bara 4♣ við doblinu á 3♦ og krefur með 4♦. Sem er vissulega betri kostur en að stökka í 5♣, en nóg til þess að æsa suður upp í slemmu. Eftir óljósar þreifingar verður Zia sagnhafi í 6♠, sem byggjast í aðalatriðum á því að hjartagosinn sé í austur, en heppnin var ekki á bandi Zia hér og slemman fór einn niður.

Björn Fallenius



TÍU SPILA PRÓFRAUN

HÉR á eftir fara 10 blandaðar þrautir úr ýmsum áttum og eru svörin metin til stiga. Tíu stig eru gefin fyrir besta svar fyrir hverja þraut, sem þýðir að hæsta mögulega heildarskor er 100. Lesandinn færir sig til í áttunum eftir því hver þrautin er, en lausnirnar eru skráðar á næstu blaðsíðum. Það má líta á þetta sem nokkurs konar próf - allt undir 30 stigum telst falleinkunn, annars er einkunnagjöfin þessi:

- 31-40 stig:** vonir vakna
- 41-50 stig:** á framfarabraut
- 51-60 stig:** nokkuð klók(ur)
- 61-70 stig:** góður keppnismaður
- 71-80 stig:** mjög sigursæl(l)
- 81-90 stig:** í landsliðsflokki
- 91-100 stig:** á heimsmeilikvarða

1. NORÐUR
S/Enginn
♠ D9
♥ 4
♦ KG76542
♣ Á83

Útspil: ♠3

ÞÚ (SUÐUR)
♠ Á52
♥ KDG32
♦ D
♣ K765

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | - | - | 1 ♥ |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 G |
| Pass | 3 ♦ | Pass | 3 G /// |

Þú stingur upp ♠D og hún á slaginn.

Hver er áætlunin?

2. ÞÚ (SUÐUR)
n/nS
♠ 9
♥ ÁDG932
♦ D102
♣ Á72

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| - | 1 ♠ | Pass | 2 ♥ |
| Pass | 3 ♣ | Pass | 3 ♥ |
| Pass | 4 ♦ | Pass | ? |

Kerfið er Standard (2-yfir-1) og þú krefur í geim með 2♥ og ítrekar svo litinn. Makker sýnir spaða og lauf og kemur svo óvænt með 4♦, sem þú þarft að túlka sjálfur. Hvað á makker og...

... hver er sögnin?

3. NORÐUR
a/nS
♠ Á
♥ G1073
♦ ÁD
♣ ÁDG765

Útspil: ♠9

ÞÚ (AUSTUR)
♠ 10642
♥ D986
♦ G2
♣ K108

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | - | Pass | 1 ♦ |
| 2 ♠ | 3 ♣ | 4 ♠ | Pass |
| Pass | 5 ♠ | Pass | 6 ♦ /// |

Makker hindrar með 2♠ og kemur síðan út með ♠9, þriðja hæsta. Sagnhafi spilar hjarta á ás í öðrum slag, svo laufi á drottningu og makker fylgir eins og hann eigi 1-2 lauf. Þú drepur, en...

...hverju spilarðu til baka?

Hvaða kerfi spilarðu?

Sú var tíðin að **Culbertson** og **Goren** voru jafn þekkt nöfn á bandarískum heimilum og **Cornflakes** og **Cheerios**. Og íslenskum heimilum líka, ef út í það er farið. Hverjum 40 ár aftur í tímann og litum inn í einmenningskeppni í Bandaríkjunum. Þá var til síðs að keppendur ræddu saman um kerfið fyrir hverja lotu og var yfirleitt sam-mælt um að spila eftir **Culbertson**- eða **Gorenkerfinu**. Reyndur keppnismaður hafði vanið sig á að láta makker velja kerfið og spurði alltaf: "Hvað viltu spila makker?" Yfirleitt var þessu vel tekið, en einn meðspilari hans svaraði snak-illur: "Ég spila eingöngu **Gorman**." "Þar fór í verra," svaraði okkar maður, án þess að láta sér bregða, "því ég er hrifnari af **Cubranton**."

4. ÞÚ (VESTUR)
n/nS
♠ 6
♥ ÁKDG6
♦ DG104
♣ Á109

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | 3 ♣ | Pass | 6 ♠ /// |

Það er erfitt að trúa því að NS skuli melda slemmu í tveimur sögnum, en það er augljóst að þeim er alvara og þú gerir rétt í því að dubla ekki.

Hvert er útspilið?

Hvað segirðu?

Fjórar eldri dömur, allar illa heyrandi, sátu við spilamennsku eitt síðdegi sem oftár.

Gjafarinn vakti á einum spaða. Næsta frú sagði eitt hjarta og sú þriðja í röðinni eitt lauf.

Fjórða konan leit hugsandi á eigin spil í nokkrar sekúndur, en skellt þeim svo á mitt borðið: "Nú, jæja, úr því þið segið allar pass, þá geri ég það líka!"

5. NORÐUR
S/Allin
♠ K
♥ KG7
♦ Á64
♣ Á87542

Útspil: ♥2

ÞÚ (AUSTUR)
♠ D42
♥ ÁD10
♦ DG103
♣ KG9

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|---------|--------|-------|
| - | - | - | 3 ♠ |
| Pass | 4 ♠ /// | | |

Vestur spilar út 2♥ (þriðja/fimmta), gosinn úr borði og þú átt slaginn á drottningu.

Hver er svo vörnin?

Sársauki

Slysin gera ekki boð á undan sér. Kona nokkur sem var að keppa í tveimningi í Bandaríkjunum sneri sig illa á fæti í miðri spilamennsku. Konan rak upp ramakvein og nærstaddir veittu henni liðsinni - hún hafði greinilega slasast illa, því fóturinn var stokkbólgin, brákaður eða brotinn. Hringt var á sjúkrahúsið og nokkru síðar komu sjúkraliðar hlaupandi inn í spilasalinn með börur. Konan var enn með hljóðum, enda sárkvalin og virtist í hálfgerðu sjokki.

"Heyrirðu í mér?" sagði einn sjúkraliðinn, sem kom aðvífandi.

"Já."

"Geturðu talað?"

"Já."

"Geturðu sagt okkur hvað kom fyrir?"

"Já, ég fór niður á tveimur spöðum."

6. NORÐUR
N/Allin ♠ G5
 ♥ ÁD72
 ♦ 106542
 ♣ D9

Útspil: ♦D

ÞÚ (SUÐUR)
 ♠ ÁD1098764
 ♥ 3
 ♦ Á
 ♣ G74

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| Pass | Pass | Pass | 4 ♠ /// |

Hver er áætlunin?

7. NORÐUR
N/Allin ♠ Á74
 ♥ Á987
 ♦ 53
 ♣ D972

Útspil: ♣Á

ÞÚ (SUÐUR)
 ♠ G9652
 ♥ KD53
 ♦ ÁDG
 ♣ G

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| 1 ♦ | Pass | Pass | 1 ♠ |
| 2 ♣ | 3 ♠ | Pass | 4 ♠ /// |

Vestur leggur niður ♣Á í byrjun, en skiptir svo yfir í ♠K. Þú dúkkar (þristur frá austri), og þá spilar vestur ♥4 - sjöa, tíu og drottning.

Taktu við.

Brothætt spil

Dagfarspríður herramaður fékk það hlutverk að spila við nýliða af fagra kyninu eitt tvímenningskvöld. Fagurt bros konunnar dró úr sársaukanum við að fá hvern botninn á fætur öðrum, en svo kom að spili þar sem konunni tókst óviljandi að endaspila hann þrisvar í vörninni í fyrstu átta slögum. Þetta reyndi á kappann og hann þurfti að hafa sig allan við til að halda stillingu sinni. En svo gerðist það í tíunda slag að konan endaspilaði hann í fjórða sinn! Þá brast eitthvað hið innra með hinum annars geðpríða manni - hann reif þau spil sem hann átti eftir á hendinni í tætlur og lét svo bítana detta á gólfid.

Mótherjunum var ekki skemmt og þeir voru fljótir að kveða til keppnisstjóra. Hann kom aðvifandi og sá sundurtætt spilin á gólfinu: "Hvað gerðist eiginlega hér," spurði keppnisstjórinn, augljóslega hneykslaður.

"Mér þykir þetta leitt," svaraði maðurinn kurteislega, "en mér brá svo rosalega þegar makker endaspilaði mig í fjórða sinn að ég missti spilin á gólfid og þau brotnuðu."

8. ÞÚ (NORÐUR)
a/a/v ♠ 10632
 ♥ G5
 ♦ Á4
 ♣ K8642

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| - | - | 2 ♥ | 3 ♣ |
| 3 ♥ | ? | | |

Austur opnar á veikum tveimur í hjarta og vestur berst í 3♥ yfir eðlilegri innákomu makkers.

Hver er sögnin?

Meistarastig

Þótt Íslendingar hafi notað meistara-stig í þrjá áratugi, hefur aldrei skapast hér á landi raunverulegur metingur og metnaður á þessum vettvangi samanburðarins. Þessu er öfugt farið í Bandaríkjunum, en þar í landi eru meistarastig talin igildi hlutabréfa í útrásarfyrtækjum. Eins og aðrar stutt-sögur hér á opnunni, á þessi uppruna sinn í bandarískum veruleika: Ung kona gekk inn í spilasal í klúbbi í New York og sagðist vera að leita að makker til að spila í tvímenningi kvöldsins. "Reyndar efast ég um að nokkur vilji spila við mig, því ég hef aðeins eitt meistarastig," sagði hún við keppnisstjórann.

Keppnisstjórinn var allur af vilja gerður. "Fáðu þér bara sæti," sagði hann, "við finnum örugglega handa þér makker."

Nokkru síðar gefur maður sig á tal við keppnisstjórann, sömu erinda. Hann vill spila, en játar að hann hafi ekki unnið sér inn eitt einasta meistarastig.

"Ekkert mál, ég er með makker handa þér," sagði hinn bandaríski Björgvin, og gaf sig á tal við ungu konuna."

"Hvað segirðu - er hann ekki með eitt einasta meistarastig. Ég held ég bíði aðeins."

9. ÞÚ (VESTUR)
a/Allin ♠ 94
 ♥ KD8642
 ♦ 654
 ♣ K10

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | - | 4 ♣ | 4 ♠ |
| 5 ♣ | 5 ♦ | 6 ♣ | 6 ♦ |
| Pass | 6 ♠ | Pass | Pass |
| 7 ♣ | Pass | Pass | 7 ♠ /// |

Sagnir eru í meginatriðum eðlilegar, opnum makkers er hindrun í laufi og síðan melda mótherjarnir spaða og tígul og enda í alslemmu í spaða.

Hvert er útspilið?

10. NORÐUR
N/Allin ♠ 953
 ♥ 10942
 ♦ K963
 ♣ 74

Útspil: ♣3

ÞÚ (SUÐUR)
 ♠ KG72
 ♥ ÁK863
 ♦ Á104
 ♣ Á

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | Pass | Pass | 1 ♥ |
| Pass | 1 G * | Pass | 2 ♠ |
| Pass | 3 ♥ | Pass | 4 ♥ /// |

Útspilið er ♣3 (þriðja/fimmta) og þú drepur drottningu austurs og tekur ♥ÁK, en vestur reynist hafa byrjað með ♥DGx. Þú spilar enn hjarta og gefur vestri slaginn og hann kemur með lauf til baka upp á kóng austurs. Þú trompar, en ...

...hvernig viltu svo spila?

Sigursæll spilari...

...brýtur stórt viðfangsefni niður í mörg smærri, sem auðveldara er að leysa.

Undirmáls spilari...

...safnar saman mörgum smáum viðfangsefnum og setur í eitt stórt, sem engin leið er að leysa.

Sigursæll spilari...

...lærir af eigin mistökum.

Undirmáls spilari...

...veltir sér upp úr mistökum annarra.

Sigursæll spilari...

...tekur ákvarðanir.

Undirmáls spilari...

...gagnrýnir þær ákvarðanir sem hann hefur neytt makker sinn til að taka.

SVÖR VIÐ PRÓFI

ÞRAUT 1

ÚRSPIÐ

| | | |
|----------|-----------|---------|
| S/Enginn | NORÐUR | |
| | ♠ D9 | |
| | ♥ 4 | |
| | ♦ KG76542 | |
| | ♣ Á83 | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ KG63 | | ♠ 10874 |
| ♥ 10765 | | ♥ Á98 |
| ♦ Á9 | | ♦ 1083 |
| ♣ G92 | | ♣ D104 |
| | ÞÚ | |
| | ♠ Á52 | |
| | ♥ KDG32 | |
| | ♦ D | |
| | ♣ K765 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | - | - | 1 ♥ |
| Pass | 2 ♦ | Pass | 2 G |
| Pass | 3 ♦ | Pass | 3 G /// |

Vestur spilar út ♠3 og drottning blinds heldur fyrsta slag.

Hver er áætlunin?

Augljóslega vinnst þetta aldrei nema hægt sé að nýta tígulinn. En innkomur blinds eru skornar við nögl; vörnin mun dúkka tíguldrottninguna og laufásinn einn dugir ekki sem samgangur til að fría tígulinn og nýta hann.

Lausnin er bráðsnjöll: sagnhafi fer heim á laufkóng í öðrum slag, spilar tíguldrottningu og *yfirdrepur* með kóng! Spilar svo tígli í bláinn. Sem dugir til vinnings, því vestur á ásinn annan.

Stig: 10 stig fyrir ofanrakið, en 3 stig fyrir aðrar hugmyndir.

ÞRAUT 2

SAGNIR

| | | |
|----------|----------|---------|
| N/NS | NORÐUR | |
| | ♠ ÁD843 | |
| | ♥ K4 | |
| | ♦ G | |
| | ♣ KDG109 | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ G52 | | ♠ K1076 |
| ♥ 108 | | ♥ 765 |
| ♦ Á87654 | | ♦ K93 |
| ♣ 85 | | ♣ 643 |
| | ÞÚ | |
| | ♠ 9 | |
| | ♥ ÁDG932 | |
| | ♦ D102 | |
| | ♣ Á72 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|-------|
| - | 1 ♠ | Pass | 2 ♥ |
| Pass | 3 ♣ | Pass | 3 ♥ |
| Pass | 4 ♦ | Pass | ? |

Hver er sögnin?

Makker er að gefa þér undir fótinn með slemmu og þú mátt því alls ekki lyppast niður í 4♥. Hins vegar er áttu varla nóg til að keyra sjálfur í slemmu, því makker myndi segja 4♦ með sömu skipingu og heldur minni spil. Þú vilt sem sagt halda slemmuleitinni gangandi og hafa makker enn með í ráðum. Eina sögnin sem gerir hvort tveggja er stökk í 5♥, sem makker mun fúslega lyfta í sex.

Stig: 5♥=10 stig, 4G=8 stig, 6♥=5 stig, 6♣=4 stig, 4♥=3 stig, 5♣=2 stig.

ÞRAUT 3

VÖRN

| | | |
|----------|-----------|---------|
| A/NS | NORÐUR | |
| | ♠ Á | |
| | ♥ G1073 | |
| | ♦ ÁD | |
| | ♣ ÁDG765 | |
| VESTUR | | ÞÚ |
| ♠ KG9873 | | ♠ 10642 |
| ♥ 52 | | ♥ D986 |
| ♦ 863 | | ♦ G2 |
| ♣ 42 | | ♣ K108 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ D5 | |
| | ♥ ÁK4 | |
| | ♦ K109754 | |
| | ♣ 93 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | - | Pass | 1 ♦ |
| 2 ♠ | 3 ♣ | 4 ♠ | Pass |
| Pass | 5 ♠ | Pass | 6 ♦ /// |

Makker spilar út ♠9, þriðja hæsta. Sagnhafi fer heim á ♥Á og svínar ♣D, sem þú drepur.

En hver er svo vörnin?

Útspil vesturs - spaðanían - sannar að hann á KG í litnum, því hann hefði spilað út drottningunni frá DG9. Ef makker er með 10xx í tígli má byggja þar upp slag með því að spila spaða og neyða blindan til að trompa. Sem er ágætis ráðabrukk, en ekki það besta. Sterkari leikur er að spila laufi og rústa þannig samgangi sagnhafa.

Skásta tilraun sagnhafa er þá að svína fyrir hjartadrottningu, taka ÁD í trompi og reyna að henda spaðadrottningu niður í þriðja laufið. Það myndi duga til vinnings ef sami varnarspilarinn væri með 3-3 í láglitunum. En svo er aldeilis ekki og makker mun fá á trompið sitt, þótt smátt sé.

Stig: lauf=10 stig, spaði=6 stig, hjarta=2 stig.

ÞRAUT 4

ÚTSPIL

| | | |
|---------|-------------|-----------|
| N/NS | NORÐUR | |
| | ♠ G9 | |
| | ♥ 52 | |
| | ♦ K2 | |
| | ♣ KDG8763 | |
| ÞÚ | | AUSTUR |
| ♠ 6 | | ♠ 42 |
| ♥ ÁKDG6 | | ♥ 1098743 |
| ♦ DG104 | | ♦ 9653 |
| ♣ Á109 | | ♣ 4 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ ÁKD108753 | |
| | ♥ - | |
| | ♦ Á87 | |
| | ♣ 52 | |

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|--------|--------|--------|---------|
| - | 3 ♣ | Pass | 6 ♠ /// |

Hvert er útspilið?

Það er óvenjulegt að eiga útspil gegn slemmu 17 punkta og þar af tvo ása. En það ber að taka suður alvarlega - hann segir 6♠ til vinnings og á því óvenjulega hönd.

Það má búast við 7-9 þéttum spöðum og tígulás. En það er ekki nóg. Suður hirðir ekkert um ásaspurningu og er því sennilega með eyðu í hjarta - ekki í laufi, því þar ætlar hann að taka hliðarslagina.

Há hjarta er því ekki eins freistandi útspil og ætla mætti - það verður sennilega trompað og þá glatast mikilvægt frumkvæði. Valið stendur frekar á milli þess að spila út tíguldrottningu eða laufás. Ef makker á tígulkóng getur verið nauðsynlegt að brjóta þar slag áður en laufásinn er rekinn út, en á hinn bóginn er miklu líklegra að makker sé með eitt eða ekkert lauf. Og þá fer spilið niður með laufásnum út.

Stig: Laufás=10 stig, tíguldrottning=8 stig, hjartaás=6 stig, tromp=4 stig.

auglýsing

ÞRAUT 5

VÖRN

| | | | |
|---------|------------|---------|--|
| S/Allir | NORÐUR | | |
| | ♠ K | | |
| | ♥ KG7 | | |
| | ♦ Á64 | | |
| | ♣ Á87542 | | |
| VESTUR | | ÞÚ | |
| ♠ 96 | | ♠ D42 | |
| ♥ 98632 | | ♥ ÁD10 | |
| ♦ 987 | | ♦ DG103 | |
| ♣ D106 | | ♣ KG9 | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ ÁG108753 | | |
| | ♥ 54 | | |
| | ♦ K52 | | |
| | ♣ 3 | | |

| | | | |
|--------|---------|--------|-------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | - | - | 3 ♠ |
| Pass | 4 ♠ /// | | |

Vestur spilar út ♥2, (þriðja/fimmta), gosinn úr borði og þú átt slaginn á drottningu.

Hver er vörnin?

Fátt virðist eðlilegra en að spila ♦D og biða svo makindalega eftir að spilið tapist. En sjáum hvað gerist þá. Sagnhafi tekur með ♦K, spilar laufi á ásinn og trompar lauf. Fer inn í borð á ♠K, fríar laufið með annarri trompun og spilar ♠Á og gosa. Nú er trompið afgreitt, laufið frítt og innkoma í borð á ♦Á. Vörnin fær þar með aldrei slag á tígul.

Við þessari ógn verður austur að bregðast strax í byrjun með því að spila trompi, en ekki tígli, og taka þar með mikilvæga innkomu af blindum.

Stig: Spaði í öðrum slag gefur 10 stig, en tíguldrottning 4 stig.

ÞRAUT 6

ÚRSPIL

| | | | |
|---------|-------------|----------|--|
| V/Allir | NORÐUR | | |
| | ♠ G5 | | |
| | ♥ ÁD72 | | |
| | ♦ 106542 | | |
| | ♣ D9 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ K3 | | ♠ 2 | |
| ♥ 10865 | | ♥ KG94 | |
| ♦ DG98 | | ♦ K73 | |
| ♣ Á63 | | ♣ K10852 | |
| | ÞÚ | | |
| | ♠ ÁD1098764 | | |
| | ♥ 3 | | |
| | ♦ Á | | |
| | ♣ G74 | | |

| | | | |
|--------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| Pass | Pass | Pass | 4 ♠ /// |

Vestur spilar út ♦D.
Hver er áætlunin?

Hér standa þrjár svínungar til boða, en best er að hafna þeim öllum. Skoðum svínungarleiðina: Fyrst er laufi spilað á níuna. Ef það kostar háspil er geimið í húsi, en austur á tíuna og trompar út. Þá er svínað fyrir spaðakóng, en ekki gengur það - vestur drepur og spilar enn spaða. Nú verður lauf ekki trompað í borði og síðasti kosturinn er að svína hjartadrottningu. En ekkert gengur.

Nóg er að ein svínung af þremur heppnist, svo það er óstuð að fara niður. Hins vegar má spila betur. Farið er inn í borð á hjartaás í öðrum slag og litlu laufi spilað undan Dx að gosanum. Ef austur fer upp með háspil, fríast laufslagur, en ef vestur drepur gosann, þá getur hann ekki trompað út. Þar með hægt að stinga þriðja laufið í borði.

Stig: Hjarta á ásinn og lauf úr borði gefur 10 stig, svínungarleiðin 6 stig, lauf á drottningu 4 stig, annað 2 stig.

ÞRAUT 7

ÚRSPIL

| | | | |
|----------|---------|---------|--|
| V/Allir | NORÐUR | | |
| | ♠ Á74 | | |
| | ♥ Á987 | | |
| | ♦ 53 | | |
| | ♣ D972 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ KD10 | | ♠ 83 | |
| ♥ 4 | | ♥ G1062 | |
| ♦ K10862 | | ♦ 974 | |
| ♣ ÁK106 | | ♣ 8543 | |
| | ÞÚ | | |
| | ♠ G9652 | | |
| | ♥ KD53 | | |
| | ♦ ÁDG | | |
| | ♣ G | | |

| | | | |
|--------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| 1 ♦ | Pass | Pass | 1 ♠ |
| 2 ♣ | 3 ♠ | Pass | 4 ♠ /// |

Vestur leggur niður ♣Á, en skiptir svo yfir í ♠K. Þú dúkkar og þá spilar vestur ♥4 - sjöan, tían og drottning.
Taktu við.

Þegar hér er komið sögu liggur spilið nokkur skýrt fyrir: Vestur á væntanlega ♠KD10 og skiptinguna 3-1-5-4. Og tígulakónginn á hann örugglega. En þó svo að allt sé vitað um vesturhöndina, en síður en svo auðvelt að finna vinningsleiðina. En hún er þessi: Spaða er spilað á ásinn og hjartaníu svínað (hjartaásinn verður að geyma, sem innkomu). Ef vestur trompar ekki, er hjarta svínað aftur. Segjum að vestur neiti enn að trompa. Þá er honum spilað inn á spaðatíu í þessari stöðu:

NORÐUR

♠ -
♥ Á
♦ 53
♣ D97

VESTUR

♠ -
♥ -
♦ K108
♣ K106

AUSTUR

♠ -
♥ G
♦ 94
♣ 854

ÞÚ

♠ G9
♥ K
♦ ÁDG
♣ -

Vestur á út og það er sama hvað hann gerir, hann verður að gefa slag og útsetja sig fyrir þvingun. Förum yfir þetta: Ef vestur spilar tígli, tekur sagnhafi G9 í spaða (og hendir laufum), spilar svo ♥K á ásinn og þvingar vestur til að henda laufakóng eða fara niður á blankan ♦K. Sama stefið gengur aftur ef vestur spilar laufakóng eða litlu laufi; hann þvingast alltaf og hjartaásinn í borði tryggir nauðsynlegan samgang.

Stig: Ofanrakin snilld=10 stig, en svínungur í tígli gefur 5 stig.

ÞRAUT 8

SAGNIR

| | | | |
|----------|-----------|-----------|--|
| A/AV | ÞÚ | | |
| | ♠ 10632 | | |
| | ♥ G5 | | |
| | ♦ Á4 | | |
| | ♣ K8642 | | |
| VESTUR | | AUSTUR | |
| ♠ K87 | | ♠ G5 | |
| ♥ Á42 | | ♥ KD10986 | |
| ♦ K98652 | | ♦ DG107 | |
| ♣ 3 | | ♣ G | |
| | SUÐUR | | |
| | ♠ ÁD94 | | |
| | ♥ 73 | | |
| | ♦ 3 | | |
| | ♣ ÁD10975 | | |

| | | | |
|--------|--------|--------|-------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | - | 2 ♥ | 3 ♣ |
| 3 ♥ | ? | | |

Hver er sögnin?

Sennilega liggur leiðin í 5♣, en er nokkur ástæða til að flyta sér? Því ekki að dubla fyrst til úttektar og heyra hljóðið í makker - kannski segir hann 3G eða 3♠, sem þá er hægt að lyfta í fjóra. - Fimm lauf fara einn niður, en fjórir spaða vinnast.

Stig: Dobl=10 stig, 4♣=7 stig, 5♣=5 stig.

ÞRAUT 9

ÚTSPIL

| | | |
|----------|-----------|-------------|
| A/Allir | NORÐUR | |
| | ♠ D52 | |
| | ♥ G953 | |
| | ♦ ÁDG1098 | |
| | ♣ - | |
| Þú | | AUSTUR |
| ♠ 94 | | ♠ 86 |
| ♥ KD8642 | | ♥ - |
| ♦ 654 | | ♦ 73 |
| ♣ K10 | | ♣ ÁDG986542 |
| | SUÐUR | |
| | ♠ ÁKG1073 | |
| | ♥ Á107 | |
| | ♦ K2 | |
| | ♣ 73 | |

| | | | |
|--------|--------|--------|-------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | - | 4 ♣ | 4 ♠ |
| 5 ♣ | 5 ♦ | 6 ♣ | 6 ♦ |
| Pass | 6 ♠ | Pass | Pass |
| 7 ♣ | Pass | Pass | 7 ♠ |
| Pass | Pass | Pass | |

Sagnir eru í megindráttum eðlilegar, opnun makkers er hindrun í laufi og síðan melda mótherjarnir spaða og tígul. Hvert er útspilið?

Eitt er nokkuð víst - andstæðingarnir eru viðbúnir útspili í laufi. Annað er líka á hreinu: Makker hefði doblað sjö spaða með eyðu í tígli, því samkvæmt fræðum Lightners biður dobl um útspil í lit blinds. Ef tígullinn hefði ekki verið nefndur til sögunnar hefði austur getað doblað til að biðja um útspil í lengsta lit fyrir utan laufið, en í þessari stöðu verður austur að þegja og vona hið besta.

Og þá er bara spurningin þessi: stendur þú undir væntingum makkers?

Stig: Hjarta=10 stig, lauf=5, tígull=2.

ÞRAUT 10

ÚRSPIL

| | | |
|---------|---------|----------|
| N/Allir | NORÐUR | |
| | ♠ 953 | |
| | ♥ 10942 | |
| | ♦ K963 | |
| | ♣ 74 | |
| VESTUR | | AUSTUR |
| ♠ Á4 | | ♠ D1086 |
| ♥ DG5 | | ♥ 7 |
| ♦ G72 | | ♦ D85 |
| ♣ G9853 | | ♣ KD1062 |
| | Þú | |
| | ♠ KG72 | |
| | ♥ ÁK863 | |
| | ♦ Á104 | |
| | ♣ Á | |

| | | | |
|--------|--------|--------|---------|
| Vestur | Norður | Austur | Suður |
| - | Pass | Pass | 1 ♥ |
| Pass | 1 G * | Pass | 2 ♠ |
| Pass | 3 ♥ | Pass | 4 ♥ /// |

Útspilið er ♣3 og þú drepur drottningu austurs, tekur ♥ÁK og spilar enn hjarta til vesturs. Hann kemur aftur með lauf upp á kóng austurs, sem þú trompar, en ... hvernig viltu halda áfram?

Án visbendinga frá sögnum væri sennilega skást að spila austur upp á ÁD í spaða, en hann hefur þegar sýnt laufhjólin, líklega fimmtu, og myndi hafa opnað með ♠ÁD til hliðar. Því er betra að leita annarra leiða ef hægt er.

Ásinn annar í spaða í vestur býður upp á skemmtilega möguleika. Til að byrja með er litlum spaða spilað að níunni. Austur tekur slaginn og gerir best í því að spila spaða áfram. Suður lætur sjöuna og ás vesturs slær vindhögg. Nú er vestur inni og verður að hreyfa tígulinn.

Ef vestur er lærður maður, þá spilar hann tígulgosa, en enginn lætur taka sig á því bragði. Það er með líkum að

drepa á kóng og svína fyrir drottninguna í austur.

Stig: Þú færð 10 stig fyrir að spila upp á ♠Áx og þræða tígulinn, en 6 stig fyrir að spila tvisvar spaða á KG.

Heimildir

- Spil 1 Netsmellur sem Ásmundur Pálsson rak augun í og kom áleiðis.*
- Spil 2 Evrópumót ungmenna í Prag. Slemma för forgörðum á báðum borðum í leik Svía og Hollendinga.*
- Spil 3 Höfundur: Ron Klinger.*
- Spil 4 Evrópumót ungmenna í Prag. Þannig gekk spilið í leik Svía og Hollendinga. Hollendingurinn hitti ekki á laufásinn út.*
- Spil 5 Höfundur: Bobby Wolff.*
- Spil 6 Höfundur: Frank Stewart.*
- Spil 7 Mót í USA 1969. Jim Cayne spilaði þetta snilldarlega til vinnings.*
- Spil 8 ÓL í Istanbul. Riðlakeppni. Sumir dobluðu og fundu þannig 4-4 fittið í spaða.*
- Spil 9 Gamalt spil úr bandarískum móti, sem Alan Truscott birti í bók sinni Master Bridge. Er skemmt frá því að segja að vestur hitti ekki á hjarta út og NS fengu 2210 fyrir spilið. Á hinu boðrinu vakti austur á 5 laufum og þar enduðu sagnir í 7 laufum dobluðum. Suður lagði niður hjartaásinn í byrjun, sem dugði sagnhafa til vinnings! 2330 í AV. Alslemma á hættunni á báðum borðum, samtals 4540 í mun. Það er ekki að spyrra að útspilunum.*
- Spil 10 Gamaldags sagnir skýrast af því að spilið er komið til ára sinna, en það var Edgar Kaplan sem spilaði þetta til vinnings í Vanderbiltkeppninni 1969.*

HITTINGUR

Saga af Edgar Kaplan

Margar sögur hafa verið sagðar af *Edgar* heitnum *Kaplan* (1925-1997), fyrrum ritstjóra *The Bridge World*, sem var bæði orðheppinn og kaldhæðinn maður. Um langt árabíl stóð Kaplan fyrir vikulegum sveitakeppnisleikjum á heimili sínu í New York.

Í hálfleiksúppgjöri við slíkt tækifæri kom á daginn að geimsveifla sem sveit Kaplan tapaði stafaði af því að sveitarfélagi hans á hinu borðinu hafði látið hjá líða að spila út frá KDGx í laufi og valið að spila út í melduðum lit félaga síns í staðinn. Um það sagði Kaplan: “Þegar guð gefur þér KDG í lit, þá er hann að segja þér hvar þú átt að koma út.”

Félagi Kaplans í þessum leik var Brad Moss. Í síðari hálfleik melda mótherjar þeirra sex hjörtu og Kaplan doblar fyrirstöðusögn blinds í laufi til að benda á útspil. En nú vildi svo til að Moss var með KDGx í tígli og í ljósi fyrri ummæla Kaplans lagði hann af stað með tígulkönginn. Slemman stóð, en lauf út hefði verið banvænt. Moss var vandræðalegur og baðst afsökunnar á útspilinu: “Ég hefði átt að spila út laufi,” sagði hann.

Þú skalt ekki taka þetta nærri þér,” svaraði Kaplan hughreystandi. “Þetta var hittingur. Guð sagði þér að spila út tígli, en ég sagði þér að spila út laufi. Þú hittir ekki á það - það er allt og sumt.”

Íslandsmeistararar í sérflokkum



Brynjar Jónsson varð Íslandsmeistari í einmenningi 2004, en mótið fór fram um miðjan október með þátttöku 64 spilara. *Vilhjálmur Sigurðsson* júnior varð í öðru sæti, en *Guðlaugur Sveinsson* þriðji.

Íslandsmót kvenna í trímennungi fór fram í októberlok og unnu *Ragnheiður Nielsen* og *Hjördís Sigurjónsdóttir* samferandi sigur. Í öðru sæti urðu *Elin Jóhannsdóttir* og *Heiða Þorsteinsdóttir*, en *Kristjana Steingrimsdóttir* og *Guðrún Jóhannesdóttir* hlutu bronsið. Ötján þór tók þátt.



Íslandsmót eldri og yngri spilara í trímennungi var að vanda spilað saman um miðjan nóvember. Í eldri flokki unnu *Óli Björn Gunnarsson* og *Guðmundur Aldan Grétarsson*. Silfurverðlaunin hlutu *Eðvarð Hallgrímsson* og *Magnús Sverrisson*, en bronsið kom í hlut *Þórðar Sigurðssonar* og *Vilhjálm Þórs Pálssonar*.



Í yngri flokki sigruðu *Anna Guðlaug Nielsen* og *Sigurður Björvinsson*. *Gunnar Björn Helgason* og *Órvar Óskarsson* urðu í öðru sæti, en *Óttar Ingi Oddsson* og *Arnar Þór Arnarsson* urðu þriðji.

Sveit *Svölu Pálsdóttur* varð Íslandsmeistari í parasveitakeppni, en mótið var spilað í nóvemberlok. Með *Svölu* spiluðu *Karl G. Karlsson*, *Bryndís Þorsteinsdóttir* og *Heiðar Sigurjónsson*. Sveit *Ljósvárr Baldursdóttur* varð í öðru sæti og sveit *Stefaníu Sigurbjörnsdóttur* í þriðja. Ötján sveitir tóku þátt í mótinu. Með á myndinni er *Kristján B. Snorrason*, forseti BSI.



Spil austurs

Spil 1 ♠ KG
A/Enginn ♥ D96
♦ ÁKG963
♣ 87

Spil 2 ♠ KD54
V/AV ♥ D52
♦ 1075
♣ 983

Spil 3 ♠ Á8
A/NS ♥ 7542
♦ ÁKDG102
♣ 6

Spil 4 ♠ D
V/Allir ♥ ÁG9
♦ KDG105
♣ KG43

Spil 5 ♠ D10
A/NS ♥ K643
♦ ÁD1095
♣ Á3

Spil 6 ♠ Á75
V/Enginn ♥ ÁKD6
♦ Á6
♣ D973

Spil 7 ♠ G7
A/NS ♥ Á852
♦ ÁK6
♣ Á863

Spil 8 ♠ ÁKG
V/AV ♥ KG63
♦ D5
♣ KG93

Spil 9 ♠ ÁK
A/AV ♥ K109873
♦ ÁK96
♣ 4

Spil 10 ♠ 5
V/Allir ♥ KDG1072
♦ ÁG93
♣ Á4

